

NYTJASTOFNAR SJÁVAR OG UMHVERFISPÆTTIR 1992
AFLAHORFUR FISKVEIÐIÁRIÐ 1992/93

*State of Marine Stocks and Environmental Conditions
in Icelandic Waters 1992*

Prospects for the Quota Year 1992/93

Reykjavík, júní 1992

Efnisyfirlit Contents

Formáli	bls.	v
1. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland (<i>Environmental conditions in Icelandic waters</i>)	bls.	1
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	bls.	6
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>).....	bls.	6
2.2 Ýsa (<i>Haddock</i>).....	bls.	14
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>).....	bls.	19
2.4 Karfi (<i>Redfish</i>).....	bls.	24
2.5 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	bls.	27
2.6 Lúða (<i>Halibut</i>)	bls.	32
2.7 Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	bls.	33
2.8 Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	bls.	34
2.9 Langlúra (<i>Witch</i>).....	bls.	35
2.10 Blálanga (<i>Blue ling</i>)	bls.	37
2.11 Langa (<i>Ling</i>)	bls.	37
2.12 Keila (<i>Tusk</i>).....	bls.	38
2.13 Hrognkelsi (<i>Lumpfish</i>).....	bls.	39
2.14 Síld (<i>Herring</i>)	bls.	40
2.15 Loðna (<i>Capelin</i>)	bls.	45
2.16 Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	bls.	50
2.17 Humar (<i>Nephrops</i>).....	bls.	53
2.18 Rækja (<i>Shrimp</i>).....	bls.	58
2.19 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>).....	bls.	63
2.20 Hvalir (<i>Whales</i>)	bls.	66
2.21 Selir (<i>Seals</i>).....	bls.	69
3. Töflur (<i>Tables</i>)	bls.	71
4. Ágrip.....	bls.	137
4.1 Ágrip á íslensku	bls.	137
4.2 <i>English summary</i>	bls.	143

Formáli

Þessi skýrsla um ástand nytjastofna er unnin á svipaðan hátt og gert hefur verið á undanförmum árum. Hún skiptist í tvo meginkafla sem fjalla um umhverfisþætti og breytingar á þeim annars vegar og ástand nytjastofna hins vegar. Reynt er að gera grein fyrir þróun nytjastofna og aflahorfum fram til árana 1994-1995. Ágrip fylgir bæði á íslensku og ensku. Aftast eru tölur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratuginna ásamt ítarlegum tölum um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstærð og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnunum. Þá er tafla fyrir hvern stofn er sýnir tölulegar forsendur sem framreikningar byggjast á. Í texta er einnig birt yfirlitstafla fyrir hverja tegund er sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar nokkur undanfarin ár, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan hámarksafla og raunverulegan afla hverrar tegundar.

Fremst í skýrslunni er fjallað um ástand sjávar, plöntusvif og átu á árinu 1992 og er það borið saman við fyrri ár. Það voru einkum Jón Ólafsson, Kristinn Guðmundsson, Ólafur S. Ástþórsson, Stefán Kristmannsson og Þórunn Þórðardóttir sem önnuðust þennan kafla skýrslunnar. Sérstök verkefnisstjórn Hafrannsóknastofnunar um fiskveiðiráðgjöf annaðist úttekt á hinum ýmsu nytjastofnum ásamt viðkomandi sérfræðingum.

Gunnar Stefánsson er formaður verkefnisstjórnar en honum er jafnframt ætlað að sjá um kynningu á niðurstöðum. Aðrir í verkefnisstjórn eru Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Hrafnkell Eiríksson, Ólafur K. Pálsson og Sigfús A. Schopka. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið að skýrslunni: Guðrún Marteinsdóttir (grálúða), Gunnar Jónsson (lúða, steinbítur), Jakob Jakobsson (síld), Jakob Magnússon (karfi), Jóhann Sigurjónsson (hvalir), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni), Unnur Skúladóttir (rækja), Vilhelmína Vilhelmsdóttir (blálanga, langa, keila), Vilhjálmur Þorsteinsson (hrognkelsi) og Erlingur Hauksson (selir).

Þá ber að þakka Guðmundi Guðmundssyni tölfraeðingi framlag hans við úttekt á þorsk-, ufsa- og grálúðustofnunum, þar sem stuðst var við útreikninga með svokallaðri tímaraðagreiningu.

Ýmsir þeir fiskstofnar sem teknir eru fyrir í þessari skýrslu hafa verið til umfjöllunar í vinnunefndum og fiskveiðiráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um langt skeið. Margir hafa talið að fjalla þyrfti um þorskstofnana við Grænland og Ísland á sama vettvangi. Var það loks gert á þessu ári en áður hafði verið fjallað um þorskinn við V-Grænland í Norðvesturatlantshafsnefndinni (NAFO), stofninn við A-Grænland hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu og íslenska þorskinn á Íslandi. Nú er fjallað um þorskinn á öllu þessu svæði í einni af vinnunefndum ICES en íslenski þorskstofninn hefur ekki verið þar til umfjöllunar síðan 1976.

Í samræmi við lög um stjórn fiskveiða miðast ráðgjöf til stjórnvalda við fiskveiðiár 1. september 1992 - 31. ágúst 1993.

Ásta Guðmundsdóttir, Eiríkur Þ. Einarsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Hrafnkell Eiríksson og Ólafur S. Ástþórsson önnuðust uppsetningu og frágang skýrslunnar og lásu yfir texta. Þeim er sérstaklega þakkað fyrir vandasamt verk.

Reykjavík, 8. júní 1992


Jakob Magnússon

Nytjastofnar sjávar og umhverfispættir 1992

1. Umhverfispættir

1.1 Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland

Árferði í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin allt í kringum landið til athugana á almennu ástandi sjávar, styrk næringarefna, gróðri og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Rannsóknir í vorleiðöngrum hafa verið stundaðar með svipuðu sniði síðan á sjötta áratugnum. Jafnframt vorleiðangri hafa endurteknar rannsóknir verið gerðar um lengri eða skemmri tíma á völdum svæðum. Niðurstöður hafa leitt í ljós að ástand sjávar er mjög breytilegt frá ári til árs á hinum ýmsu svæðum við landið og í kjölfar þess framvinda gróðurs og átu. Nefna má að áraskipti í þessum þáttum geta verið veruleg á hafsvæðunum sunnan og norðan landsins. Breytileikann fyrir sunnan má að einhverju leyti rekja til tímasetningar leysinga sem og vinda. Fyrir norðan landið er það hins vegar mismunandi útbreiðsla ólíkra sjógerða sem mestu ræður um framvindu framleiðninnar. Rannsóknir undanfarandi ára benda til þess að hlýsjór á norðurmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfispáttanna hefur áhrif á fæðukeðjuna og á afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland vorið 1992 og um tengslin við fyrri ár.




Mynd 1.1. Hitastig í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorið 1992.

Fig. 1.1. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1992.

Vorleiðangur 1992 var farinn um 10 dögum fyrr en venja hefur verið flest ár og er tekið mið af þessum tímamun við túlkun gagna. Helstu niðurstöður leiðangursins voru þessar:

Fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum var selturíkur hlýsjórinn í meðallagi heitur ($5-6^{\circ}$) eins og sýnt er á myndum 1.1 og 1.2. Mikill gróður var í Faxaflóa og á nokkuð breiðu belti fyrir utan flóann þar sem lagskipting hafði myndast vegna ferskvatnsáhrifa sem rekja mátti til þess að norðurstreymi strandsjávar við Vesturland var með mesta móti (mynd 1.5). Næst landi við


Látrabjarg og Kögur var talsverður gróður og nokkuð gengið á næringarefni í yfirborðslögum. Á djúpslóð vestanlands var styrkur næringarefna ennþá hár enda lítill gróður kominn og lítið um átu (myndir 1.3 og 1.4). Í Grænlandssundi djúpt undan Vestfjörðum gætti hafisbráðunar og þar var mikið um gróður og talsvert af átu.



Mynd 1.2. Selta á 50 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1992.


Fig. 1.2. Salinity at 50 m in Icelandic waters in spring 1992.

Hlýsjávar (3-5°) gætti fyrir Norðurlandi austur fyrir Siglunes og kaldi sjórin var langt undan landi. Styrkur næringarefna var allhár og gróður þar mikill en vorhámarki var ekki náð (myndir 1.3 og 1.6). Áta var með mesta móti miðað við undanfarin 10 ár (myndir 1.4 og 1.7).



Mynd 1.3. Frumframleiðni á 10 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1992 ($\text{mg C m}^{-3} \text{klst.}^{-1}$).

Fig. 1.3. Primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{h}^{-1}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1992.




Mynd 1.4. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum sjávar umhverfis Ísland vorið 1992.

Fig. 1.4. Zooplankton distribution (ml/21 m³, Hensen net 50-0 m) in Icelandic waters in spring 1992.

Í kalda Austur-Íslandsstráumnum djúpt norðaustur af landinu var hiti lágur (frá -0.9 til -0.2°) en selta í meðallagi. Ástand gróðurs og átu var mjög áþekkt því sem fundist hefur á þessu svæði undanfarin ár, þ.e. lítið af þörungum en mikið af átu.

LÁTRASNIÐ, STÖÐVAR 2+3



Mynd 1.5. Styrkur strandstraums vorin 1956-1992, metinn sem þykkt ferskvatns á tveim stöðvum vestur af Látrabjargi.


Fig. 1.5. Equivalent freshwater thickness, in spring 1956-1992 at two stations on Látra section west of Iceland.

Austur af landinu var hiti 1-2°, tekið var að ganga á styrk næringarefna í yfirborðslögum, gróður var yfirleitt mikill og átumagn yfir meðallagi.

Í hlýja sjónum við suðurströndina var hitastig 6-8°. Aðeins næst landi þar sem ferskvatnsáhrifa gætti var kominn mikill gróður en utar hafði óveruleg aukning átt sér stað. Átan

var enn í lágmarki meðfram suðurströndinni.


SIGLUNES



Mynd 1.6. Meðalfrumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi norðan Siglunes vorin 1958-1992.

Fig. 1.6. Mean primary production (mg C m⁻³ h⁻¹) at 10 m at Siglunes section in spring 1958-1992.

SIGLUNES




Mynd 1.7. Breytingar á átumagni í sjónum norðan Siglunes vorin 1958-1992.

Fig. 1.7. Variations in zooplankton density (ml/21m³, Hensen net 50-0 m) at Siglunes section in spring 1958-1992.

Eins og getið hefur verið um í ástandsskýrslum einkenndist árferðið í sjónum við Ísland á árunum 1981-1983, einkum norðanlands, af svokölluðum svalsjó (myndir 1.8 og 1.9), og gætti neikvæðra áhrifa hans á nytjastofna. Síðan tók við betra árferði, 1984-1987, þar sem innstreymi hlýsjávar á norðurmið var nær óslitið allan ársins hring. Veturinn og vorið 1988 varð svo lát á innstreyminu og pól- og svalsjávar gætti á norðurmiðum. Kalt ástand hélst síðan allt árið 1989 og fram á mitt ár 1990. Frá haustinu 1990 hefur innstreymi hlýsjávar á norðurmið verið nær óslitið. Vorið 1992 var útbreiðsla hlýsjávar mun meiri á norðurmiðum en á svölu árunum 1988-

1990, og reyndar sú mesta í vorleiðangri síðan 1986. Átumagn var einnig yfir meðallagi fyrir Norðurlandi og þar virtist voraukning áttunnar fylgja vorkomu gróðurs.


HITASTIGSFRAVIK Á SIGLUNESSNIÐI



Mynd 1.8. Frávik meðalhitastigs í sjónum norðan Siglunes að vori 1952-1992 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1.8. Deviations 1952-1992 from 1961-1980 mean in temperature at Siglunes section.

SELTUFRÁVIK Á SIGLUNESSNIÐI



Mynd 1.9. Frávik meðalseltu í sjónum norðan Siglunes að vori 1952-1992 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1.9. Deviations 1952-1992 from 1961-1980 mean in salinity at Siglunes section.

Ferskvatnsáhrif í strandstraumi fyrir Vesturlandi voru mun meiri en undanfarin ár en hins vegar gætti áhrifa ferskvatnsins aðeins næst ströndinni sunnan landsins. Hést það í hendur við að voraukning gróðurs og átu hafði aðeins orðið á grynstu stöðvunum en var óvenju seint á ferðinni utar á landgrunninu.


2. Ástand nytjastofna

2.1 Þorskur

2.1.1 Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1991

Á árinu 1991 var þorskaflinn 313 þús. tonn eða nánast hinn sami og gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu. Til samanburðar var aflinn 335 þús. tonn árið 1990 og 356 þús. tonn árið 1989.

Þorskaflinn á tímabilinu janúar til maí 1991 var 154 þús. tonn og 166 þús. tonn sömu mánuði 1990. Afli bátaflotans minnkaði úr 104 þús. tonnum á tímabilinu janúar til maí 1990 í 101 þús. tonn sömu mánuði 1991 og togaraafli minnkaði úr 62 þús. tonnum 1990 í 50 þús. tonn 1991 samkvæmt aflatölum Fiskifélags Íslands bæði árin. Þorskafl og veiðidánartölur á tímabilinu 1955 til 1991 eru sýndar á mynd 2.1.1 og aflinn allt frá 1905 í töflu 3.1.1.



Mynd 2.1.1. ÞORSKUR. Heildarafl árin 1955-1991 og meðalveiðidánartala 5-10 ára þorsks sama tímabil.


Fig. 2.1.1 COD. Total landings 1955-1991 (upper line) and mean F_{5-10} during the same period.

Uppistaða aflans á vetrarvertíð suðvestanlands 1991 var 6-8 ára þorskur. Hlutdeild 7 ára þorsks (árg. 1984) var mest, 42% af fjölda og þyngd. Næst algengastur í vertíðaraflanum var 6 ára þorskur (árg. 1985), 21% miðað við fjölda og 17% miðað við þyngd, og 8 ára þorskur (árg. 1983), 15% af fjölda og 23% af þyngd. Hlutdeild 5 ára þorsks var 9% miðað við fjölda og 5% miðað við þyngd. Hlutur 9 ára og eldri fisks var sáralftill eða tæp 4% af fjölda samtals.

Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á Norðvestur-, Norður- og Austurmiðum byggðist veiðin fyrstu 5 mánuði ársins 1991 einkum á 6 og 7 ára þorski og var hlutdeild 7 ára þorsks mest eins og á vertíðarsvæðinu, eða 34% og 40% í fjölda og þyngd, en hlutur 6 ára þorsks var 28% og 26% í fjölda og þyngd. Nokkru minna veiddist af 5 og 8 ára þorski (12% miðað við þyngd) og af 4 ára fiski (7% miðað við þyngd).

Þorskaflinn á tímabilinu júní til desember 1991 var 160 þúsund tonn og var 80% aflans veiddur fyrir norðvestan, norðan og austan land. Sömu mánuði 1990 var þorskaflinn einnig 160 þús. tonn en 180 þús. tonn árið 1989.


Suðvestanlands byggðist aflinn í júní til desember 1991 einkum á 4, 6 og 7 ára fiski (20-22% af þyngd hver aldursflokkur) en einnig á 5 ára fiski (15% af þyngd). Á uppvaxtarsvæðunum var hlutur 4 ára fisks mestur eða 34% og 26% miðað við fjölda og þyngd. Einnig var 5 til 7 ára fiskur verulegur hluti aflans eða 15-18% miðað við fjölda og 17-23% miðað við þyngd, hver aldursflokkur.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR. Hlutfallsleg aldursdreifing landaðs afla árið 1991.

Fig. 2.1.2. COD. Percentage age distribution in the 1991 landings.

Aflinn á árinu 1991 skiptist eftir aldri eins og sýnt er á mynd 2.1.2. Þar kemur fram að mest veiddist af 4-7 ára fiski sem er í samræmi við áætlunina sem gerð var í júlí 1991. Hins vegar var hlutdeild fjögurra ára fisks meiri en 7 ára fisks minni en þá var gert ráð fyrir. Þetta stafar af því að árgangurinn frá 1987 skilaði sér betur í veiði en búist var við, en á hinn bóginn voru göngur þorsks frá Grænlandi (árgangur 1984) miklu minni en upphaflega var álitid. Skipting þorskaflans eftir aldri á árunum 1973-1991 er sýnd í töflu 3.1.6.



Mynd 2.1.3. ÞORSKUR. Afrakstur og hrygningarstofn á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.1.3. COD. Yield and spawning stock per 3 year old recruit at various fishing mortalities.

Eins og fram kemur á mynd 2.1.3 er sókn í þorsstofninn nú langt umfram hámarksnýtingu. Veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar í töflu 3.1.8.

2.1.2 Meðalþyngd og kynþroski

2.1.2.1 Meðalþyngd og kynþroski í lönduðum afla

Meðalþyngd 4-6 ára þorsks í lönduðum afla fór minnkandi á árunum 1986-1990 en jókst um 4-11% á árinu 1991 miðað við 1990. Meðalþyngd 7 ára þorsks 1991 var tæp 3.8 kg sem er svipað og reiknað var með í síðustu skýrslu þegar tekið hafði verið tillit til göngu hægvaxta þorsks frá Grænlandi. Meðalþyngd 8-10 ára þorsks í lönduðum afla 1991 reyndist hinsvegar 8-18% minni en árið á undan (sjá töflu 3.1.2). Hlutfall kynþroska í afla er tilgreint í töflu 3.1.4.

2.1.2.2 Meðalþyngd og kynþroskahlutfall á hrygningartíma

Eins og fram kemur í kafla 2.1.4 er stærð hrygningarstofns nú miðuð við hrygningartíma. Til að meta meðalþyngd og kynþroskahlutfall á hrygningartíma voru notuð gögn úr lönduðum afla í janúar-maí árin 1973-1991. Miðað við aldur var meðalþyngd hrygningarfisks á árinu 1991 nokkru minni en árið 1990 (tafla 3.1.3).


Kynþroskahlutfall eftir aldri á hrygningartíma sem einnig var metið eftir gögnum frá janúar-maí 1973-1992 er sýnt í töflu 3.1.5.

2.1.3 Nýliðun

Nýliðun uppvaxandi þorsksárganga er metin með þremur mismunandi aðferðum. Svonefnd aldurs-afla aðferð (VP-greining) gefur nokkra vísbendingu um árgangastyrk fjögurra ára fisks en litlar sem engar um yngri fisk. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum og fyrri nýliðunarrannsóknir gefa helstu vísbendingar um stærð uppvaxandi árganga. Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1987 til 1992 eru þessar:

- Árgangar 1987 og 1988 eru taldir vera mjög lélegir eða um 140 og 125 milljónir þriggja ára nýliða. Þetta er svipuð niðurstaða og fram kemur í ástandsskýrslu frá 1991 (Fjölrit Hafrannsóknastofnunar, nr. 25).
- Árgangur 1989 er einnig talinn lélegur og benda niðurstöður til að hann sé um 150 milljónir nýliða sem er nánast óbreytt frá fyrra ári.
- Árgangur 1990 virðist vera lélegur. Niðurstöður benda til þess að hann sé svipaður að stærð og árgangur 1989 eða um 155 milljónir nýliða, en það er þó 25 milljónum meira er talið var í fyrri skýrslu.
- Árgangur 1991 virðist vera einn lélegasti árgangur sem fram hefur komið síðustu áratugina og telja um 100 milljónir nýliða. Þessi niðurstaða byggist annars vegar á vísbendingu seiðatalningar í ágúst 1991 og hins vegar á fyrsta mati á stærð árgangsins í stofnmælingu botnfiska í mars 1992.

Nýliðun þorsks hefur verið með afbrigðum léleg síðan 1985 eða samfelld í 7 ár. Árgangur 1985 var til skamms tíma talinn vera í meðallagi en það hefur ekki staðist og virðist árgangurinn vera nokkuð undir meðallagi eða um 175 milljónir nýliða. Árgangur 1986 er lélegasti þorskárgangur sem fram hefur komið síðustu 4 áratugina og er nú talinn vera 86 milljónir nýliða. Árgangar 1987-90 virðast mjög svipaðir að stærð eða 125-155 milljónir nýliða, en árgangur 1991 virðist jafnvel enn minni eins og þegar er komið fram. Það fer ekki á milli mála að þróun þorsstofnsins á næstu árum mun mótast af þessari lélegu nýliðun. Fjöldi þriggja ára nýliða frá 1960 er sýndur á mynd 2.1.4.



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Stærð þorskárganganna 1960-1991. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.4. COD. Year classes 1960-1991 at age 3 (in millions).

2.1.4 Ástand stofnsins

Í síðustu skýrslu var gert ráð fyrir álfka göngu af árgangi 1984 frá Grænlandi árin 1990 og 1991 eða um 27 milljónum fiska hvort ár. Var þá stuðst við merkingar við Grænland og reynslu af árgöngunum frá 1963 og 1973 sem báðir gengu frá Grænlandi til Íslands til hrygningar.

Pegar skoðaðar eru endanlegar aflatölur fyrir árið 1991, afli togara á togtíma og niðurstöður stofnmælingar botnfiska er ljóst að í heild hefur gangan ekki orðið eins mikil og búist var við.

Grænlandsgangan er nú metin á um 24 milljónir fiska samtals og talið er að hún hafi öll komið á árinu 1990. Nýleg endurskoðun Alþjóðahafrannsóknaráðsins á ástandi þorsstofna við Grænland bendir til þess að árgangurinn frá 1984 hafi verið minni en upphaflega var áætlað og er allgott samræmi milli áætlaðra breytinga á stærð þessa árgangs og gangna á Íslandsmið.


Í síðustu skýrslu var veiðistofn áætlaður um 850 þúsund tonn við upphaf árs 1992 en er nú áætlaður um 640 þúsund tonn. Þessi munur skýrist að miklu leyti af því að ekki virðist hafa komið ganga frá Grænlandi árið 1991 og því var hlutdeild 1984 árgangsins ofmetin, en stafar einnig að hluta af því að sóknin á árinu 1991 var vanmetin. Stærð þorsstofnsins miðað við fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofnsins á árunum 1973-1992 er sýnd í töflu 3.1.7.

Talsverðar breytingar hafa orðið á útreikningum á stærð hrygningarstofnsins. Áður var byggt á stofnstærð í fjölda í upphafi árs ásamt meðalþyngdum og kynþroska í afla. Nú er hins vegar miðað við stærð hrygningarstofns á hrygningartíma og hefur því verið tekið tillit til affalla fram að hrygningu auk meðalþyngda og kynþroska á hrygningartíma. Af þessum sökum er reiknuð stærð hrygningarstofns ekki sambærileg við niðurstöður í fyrri skýrslum stofnunarinnar.

Til að meta stærð þorsstofnsins var notuð endurbætt aldurs-afla aðferð og tímaraðagreining. Með þessum aðferðum er hægt að nota vísitölur um stærð einstakra aldursflokka sem fást úr stofnmælingaleiðöngnum og togaraskýrslum til að meta fiskveiðidánarstuðla á árinu 1991. Í báðum tilfellum bentu niðurstöður til þess að Grænlandsganga hefði komið fram í afla 1990 og var tekið tillit til þess. Hins vegar var nokkur munur á fiskveiðidánarstuðlum eftir því hvor aðferðin var notuð. Tímaraðagreining gefur til kynna að fiskveiðidánarstuðlar séu nokkru hærri

en fram kemur í þessari skýrslu. Mismunur á niðurstöðum þessara tveggja aðferða er þó innan tölfræðilegra öryggismarka.

Stærð veiðistofns og hrygningarstofns á tímabilinu 1955-1992 er sýnd á mynd 2.1.5.



Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1955-1992 í þúsundum tonna.

Fig. 2.1.5. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1955-1992 (thousand tonnes).

Tafla 3.1.9 sýnir stærð hrygningarstofns á hrygningartíma ásamt fjölda þriggja ára nýliða allt aftur til 1955. Úr þessari töflu má lesa að þegar hrygningarstofn hefur verið í minna lagi (innan við 500 þús. tonn) hafa komið 11 lélegir árgangar af 22 (innan við 150 milljónir nýliða). Þegar hrygningarstofn hefur verið yfir 500 þús. tonnum hafa hins vegar aðeins 2 af 15 árgöngum verið lélegir. Einnig er rétt að benda á að meðalnýliðun er um 190 milljónir nýliða þegar hrygningarstofn er innan við 500 þúsund tonn en um 220 milljónir þegar hrygningarstofn er stærri. Hér eru á ferðinni allsterkar vísbendingar um að nýliðun sé, þrátt fyrir mikinn breytileika, að einhverju leyti tengd stærð hrygningarstofns. Léleg nýliðun undanfarinna ára bendir til þess að hrygningarstofninn sé nú orðinn of lítil.

2.1.5 Horfur og tillögur um hámarksafli 1992/93 og 1993/94

Tafla 2.1.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunnar, ákvörðun stjórnvalda og þorskafla síðan 1985.

Reiknað er með að á fiskveiðiárinu 1991/92 verði veidd 265 þúsund tonn samkvæmt settu aflamarki, þar af um 65 þúsund tonn á tímabilinu september-desember árið 1991. Ennfremur að vegna lélegrar nýliðunar, sem enn sem komið er kemur mest fram í veiðum á haustmánuðum, minnki heildaraflinn árið 1992 nokkuð frá árinu 1991 og verði um 250 þúsund tonn, þar af 50 þúsund tonn á tímabilinu september-desember 1992. Spá um aldursdreifingu þorskaflans 1992 er sýnd á mynd 2.1.7. Þar kemur í ljós að 4-5 ára fiskur (árg. 1987 og 1988) verður um helmingur aflans á árinu miðað við fjölda og að hlutdeild 6-8 ára fisks verði nokkuð jöfn eða um 12% hver árgangur af heildarfjölda fiska

Meðalþyngd 4-8 ára þorsks í aflanum 1992 er metin með hliðsjón af meðalþyngd hvers árgangs árið áður og áætlaðri stærð loðnustofnsins, en hvort tveggja ræður miklu um meðalþyngd árganga árið á eftir. Meðalþyngd þriggja og 9-14 ára þorsks miðast hins vegar við meðaltöl

áranna 1988-1991. Sama aðferð var notuð til að meta meðalþyngdir á hrygningartíma. Undantekning er fjögurra ára þorskur, þar sem notuð var meðalþyngd 1988-1991. Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur hins vegar hækkað mikið á síðastliðnum tveim árum (1990 og 1991) og miðað við þau gögn sem fyrir liggja það sem af er árinu 1992, virðist kynþroskahlutfall talsvert yfir langtímaeðaltali. Því er kynþroskahlutfall eftir aldri árið 1992 miðað við meðaltal árunna 1990-1991. Við spár lengra fram í tímann er notast við sömu reiknireglur og enn fremur er gert ráð fyrir meðalstærð loðnustofns.

TAFLA 2.1.1

Þorskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Cod. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	300	300	300	300	250	240	250
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	300 ³⁾	330 ³⁾	350	325	300	245	265
Aflamark Færeyinga - <i>Quota (Faroes)</i>	2	2	2	2	2	1.5	-
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	366	390	376	354	333	-	-
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	3	2	2	2	2	-	-
Afli alls - <i>Total landings</i>	369	392	378	356	335	313	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August*

3) Ekki var í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984-1987 áætlað fyrir umframafla vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. (*Quota regulations for demersal species during the years 1984-1987 did not provide for extra catches, especially due to effort quota and other flexibilities in the system.*)

Ástand þorskstofna við Grænland er nú þannig að þaðan er engra gangna að vænta um fjárfjárlegu framtíð. Aflabrogð á næstu árum munu því eingöngu byggjast á ástandi stofnsins á Íslandsmiðum.

Eins og fram kemur í kafla 2.1.3 um nýliðun í þorskstofninn er gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1985-1991 séu allir undir meðallagi, sérstaklega 1986 árgangurinn sem er metinn á innan við 100 milljónir þriggja ára nýliða og 1991 árgangurinn, sem virðist lítið stærrí. Þessi lélega nýliðun mun ekki geta gefið af sér meira en um 220 þús. tonna afla á ári við núverandi sókn. Aukin sókn í stofninn mun heldur ekki leiða til meiri afla þegar til lengri tíma er lítið miðað við þessa nýliðun.

Miðað við þessar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á þorskstofninn eins og fram kemur í töflu 2.1.2 og mynd 2.1.6.

Ef veidd verða 250 þús. tonn árin 1993 og 1994 munu veiðistofn, sem nú er í sögulegu lágmarki, og hrygningarstofn minnka mikið og fara niður í nýtt sögulegt lágmark árið 1995.

Reiknað er með að veiðistofn og hrygningarstofn standi nánast í stað við um 225 þús. tonna afla.

Verði aflinn 1993 og 1994 takmarkaður við 200 þús. tonn mun veiðistofn nánast standa í stað en hrygningarstofn stækka talsvert. Verði þessi leið farin verður hrygningarstofninn samt sem áður áfram í svipaðri lægð og á árunum 1982-1989 þ.e. áður en sterku árganganna frá 1983 og 1984, þar með talinn Grænlandsþorskur af síðastnefnda árganginum, fór að gæta að marki í hrygningarstofninum.

TAFLA 2.1.2
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) árin 1993-1995.

Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1993-1995 for different management strategies.


1992					1993			1994			1995		
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	Afi F ¹⁾	Catch	Aflahámark TAC 1993-1994	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾
Stock 4+	Spawning stock			1993-1994	Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock	
640	250	0,77	250	150	640	260	0,44	750	320	0,36	790	390	0,30
				175		250	0,53	720	290	0,46	730	340	0,40
				200		240	0,62	690	260	0,57	670	290	0,54
				225		230	0,73	660	240	0,71	600	240	0,73
				250		230	0,84	630	230	0,89	540	190	1,00

1) F= Veiddánartala 5-10 ára þorsks. F= Fishing mortality of age groups 5-10.

Verði afli 1993 og 1994 takmarkaður við 175 þús. tonn mun hrygningarstofn vaxa verulega og veiðistofn stækka dálftið.

Verði afli takmarkaður við 150 þúsund tonn munu bæði veiðistofn og hrygningarstofn stækka verulega á næstu tveimur árum.


Hafrannsóknastofnunin bendir sérstaklega á að alls ekki er unnt að útiloka að hin lélega nýliðun undanfarinna ára sé að einhverju leyti til komin vegna lítils hrygningarstofns. Sé þetta rétt er ekki unnt að reikna með aukinni nýliðun þegar til lengri tíma er litið ef hrygningarstofni er haldið í námunda við núverandi stærð og má þá jafnvel reikna með lélegum aflabrogðum til lengri tíma.



Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Stærð þorskstofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1993-1995.

Fig. 2.1.6. COD. Stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock and spawning stock biomass in 1993-1995 for different management strategies.

Ráðgjafarnefnd (ACFM) Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) fjallaði um íslenska þorsstofninn á fundi sínum í maí 1992. Nefndin ályktaði að áframhald núverandi sóknar myndi minnka stofninn niður fyrir líffræðileg hættumörk og því bæri að takmarka sóknina verulega. Nefndin telur að of mikil áhætta fylgi því að reyna að halda hrygningarstofni í stað og leggur því til að þorskaflri verði takmarkaður við 150 þúsund tonn á árinu 1993, 180 þúsund tonn 1994 og 200 þúsund tonn árið 1995, eða að meðaltali 175 þúsund tonn á næstu þremur árum.



Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Spá um aldursdreifingu í aflanum (%) 1992.

Fig. 2.1.7. COD. Prognosis of percentage age distribution of the 1992 catch.

Ef sóknin er minnkuð þannig að aflinn fari ekki yfir 175 þúsund tonn að jafnaði á næstu þremur árum mun hrygningarstofninn stækka verulega eins og fyrr segir. Þótt alls ekki sé sjálfgefið að slíkt leiði til bættrar nýliðunar má þó telja auknar líkur á því að svo verði þegar til lengri tíma er litið. Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að stefnt verði að uppbyggingu hrygningarstofnsins. Nokkrar leiðir eru að því marki:

1. Með því að skera afla mikið niður strax og auka hann síðan í takt við nýjar aðstæður sem skapast (tillaga Alþjóðahafrannsóknaráðsins). Þessi leið svarar til um 170 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 1992/93.
2. Með því að takmarka afla við 175 þús. tonn árin 1993 og 1994 og taka síðan tillit til hugsanlegra breytinga í ljósi nýrra aðstæðna. Þessi leið svarar til um 190 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 1992/93. Á heildina litið gefur þessi leið sömu niðurstöður og tillaga Alþjóðahafrannsóknaráðsins.
3. Með því að stefna markvisst í þá átt að hrygningarstofninn stækki en þó þannig að aflabreyting á næsta fiskveiðiári verði í lágmarki. Þetta svarar til um 200 þús. tonna afla á árinu 1993, 180 þús. tonnum árið 1994 og 150 þús. tonnum árið 1995. Þessi leið svarar til um 210 þús. tonna afla á fiskveiðiárinu 1992/93. Hrygningarstofninn mun vaxa hægar í fyrstu en ná sömu stöðu við lok tímabilsins og stefnt er að eftir leiðum 1 og 2.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að leið 2 sé valin en telur að báðar hinar komi einnig til greina.

2.1.6 Viðmiðunarmörk í þorskveiðum.

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1993, árgangur 1989, er talinn lakur eða um 150 millj. þriggja ára nýliða. Í aldursdreifingu aflans á árinu 1993 (miðað við 7 ára fisk og yngri) er gert ráð fyrir því að um 34% landaðs afla (fjöldi fiska) verði af þessum árgangi og rúm 8% af árgangi 1990. Ennfremur er gert ráð fyrir að um 2% fiska undir viðmiðunarlengd verði 5 ára.

Lengdarmörk viðmiðunarárgangs, eins og þau verða á miðju ári 1993, eru reiknuð út frá vexti hans 1990-1992. Reiknuð lengdarmörk árgangs 1989 verða rúmlega 61 cm á miðju ári 1993. Helmingur fiska af þessari stærð tilheyrir þá árgangi 1989 en hinn helmingurinn eldri árgöngum.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 cm og þykir eðlilegt að svo verði áfram. Til mótvægis við lækkun frá reiknuðum lengdarmörkum er þó óhjákvæmilegt að lækka jafnframt hlutfallsmörk í sem næst sama hlutfalli.


Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1993 verði 30% undir 55 cm og gildi þau allt árið.

Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 cm er hærri en 30% í mælingum veiðieftirlitsmanna.

2.2 Ýsa

2.2.1 Afli og sókn 1991 og 1992

Ýsuaflinn á árinu 1991 varð um 54 þús. tonn eða um 4 þús. tonnum meiri en lagt hafði verið til sem hámarksafli. Mynd 2.2.1 sýnir ýsuaflann og veiðidánartölur á árunum 1969-1991 og aflinn allt frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1.




Mynd 2.2.1. ÝSA.
Heildaraflin árin 1969-1991
og meðalveiðidánartala 4-7
ára ýsu sama tímabil.

Fig. 2.2.1. HADDOCK.
Total landings 1969-1991
(upper line) and mean F_{4-7}
during the same period.

Á árinu 1991 var ýsuafli á sóknareiningu skv. veiðiskýrslum mjög svipaður og árið 1990. Tæplega annar hver fiskur (48%) í veiðinni 1991 var 6 ára ýsa úr árganginum frá 1985, að meðaltali aðeins 2,0 kg að þyngd. Skipting ýsuafllans í fjölda eftir aldri á árunum 1972-1991 er sýnd í töflu 3.2.4 og veiðidánartölur í töflu 3.2.6. Fyrstu 4 mánuði ársins 1992 er ýsuafli 10% minni en á sama tíma árið áður.


2.2.2 Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur



Mynd 2.2.2. YSA. Stærð veiðistofns (3 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1992 í þúsundum tonna.

Fig. 2.2.2. HADDOCK. Fishable stock (3+) and spawning stock biomass during the period 1969-1992 (thousand tonnes).


Veiðistofninn, sem nú er miðaður við þriggja ára fisk og eldri, er talinn hafa verið 185 þús. tonn og hrygningarstofninn 95 þús. tonn í ársbyrjun 1992 (mynd 2.2.2). Í fyrri skýrslu var gert ráð fyrir að þessar tölur yrðu 185 og 85 þús. tonn.



Mynd 2.2.3. YSA. Hlutfallsleg aldursdreifing afla 1992.

Fig. 2.2.3. HADDOCK. Percentage age distribution in the 1992 landings.


Stóru árgangarnir frá 1984 og 1985 (92 og 165 milljónir tveggja ára nýliða) hafa verið uppistaðan í veiðistofninum á undanförmum árum og er sá sýðarnefndi enn mjög áberandi (mynd 2.2.3, töflur 3.2.4 og 3.2.5). Árgangarnir frá 1986, 1987 og 1988 eru hins vegar allir taldir mun minni en meðalárgangur sem er 62 milljónir tveggja ára nýliða. Tveir stórir árgangar frá 1989 og 1990 (110 og 160 milljónir nýliða) eru nú í uppvexti og munu koma inn í veiðina á næstu árum (mynd 2.2.4). Árin 1992 og 1993 mun þriggja ára ýsa því óhjákvæmilega verða verulegur hluti aflans. Stærð ýsustofnsins í fjölda eftir aldri og þynd veiði- og hrygningarstofns á árunum 1972-1992 er sýnd í töflu 3.2.5.



Mynd 2.2.4. YSA. Stærð ýsuárganganna 1969-1991. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.2.4. HADDOCK. Year classes 1969-1991 at age 2 (in millions).

Eins og fram kemur á mynd 2.2.5 er sókn í ýsustofninn talsvert yfir kjörsókn.



Mynd 2.2.5. YSA. Afrakstur og hrygningarstofn á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.2.5. HADDOCK. Yield and spawning stock biomass per 2 year old recruit at various fishing mortalities.

Nýliðunarrannsóknir gefa til kynna að árgangurinn frá 1991 sé nokkuð undir meðallagi eða um 44 milljónir nýliða. Við framreikninga er miðað við þessa stærð árgangsins frá 1991 og yngri árganga af meðalstærð árunna 1972-1988, þ.e. 62 milljónir tveggja ára nýliða.

Meðalþyngd ýsu eftir aldri fór minnkandi á árunum 1987-1991. Meðalþyngd eftir aldri í lönduðum afla árið 1991 var svipuð og árið áður á 5 ára fiski og yngri, en nokkru minni á eldri fiski. Gögn úr veiði 1991 og stofnmælingu botnfiska 1992 staðfesta enn fremur það sem bent hefur verið á, að meðalþyngd ýsu eftir aldri verði áfram í lægri kantinum árið 1992 þar sem meðalþyngd ræðst að miklu leyti af vexti liðinna ára. Við þetta bætist að stórir árgangar eru að koma inn í veiðistofninn en vöxtur slíkra árganga er yfirleitt hægur burtséð frá árferði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á vöxt. Meðalþyngd eftir aldri á árunum 1972-1992 er sýnd í töflu 3.2.2.


TAFLA 2.2.1

Ysa. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (þús. tonn).
Haddock. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	45	50	50	60	60	60	38	50
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	60	60	60	65	65	65	48	50
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	49	47	40	53	62	66	39	-
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - <i>Total landings</i>	51	48	41	54	63	67	40	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*



Mynd 2.2.6. YSA. Spá um aldursdreifingu í aflanum 1993.

Fig. 2.2.6. HADDOCK. *Prognosis of percentage age distribution in the 1993 catch.*

Til að áætla meðalþyngd 4-9 ára ýsu 1992 og framreikna stærð ýsustofnsins árin 1993-1995, er notað sambandið milli meðalþyngdar 4-9 ára ýsu og sömu árganga (3-8 ára) árið áður yfir tímabilið 1981-1991. Meðalþyngd þriggja ára ýsu árin 1992-1995 er miðuð við meðalþyngd árunna 1989-1991 en spá um meðalþyngd tveggja ára ýsu er miðuð við árin 1990-1991 (tafla

3.2.7). Kynþroskahlutfall eftir aldri frá árunum 1989-1991 er notað við útreikinga á stærð hrygningarstofns fyrir árið 1992 og einnig við framreikning fyrir árin 1993-1995. Þó er gert ráð fyrir að kynþroski tveggja ára ýsu sé sá sami og árið 1991 (töflur 3.2.3 og 3.2.7).

2.2.3 Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1992/93

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda og ýsuafra síðan 1985.


Framreikningar á stærð ýsustofnsins (tafla 2.2.2, mynd 2.2.7) eru byggðir á því að aflinn á árinu 1992 verði 50 þús. tonn eins og lagt var til og áður nefndum forsendum um árgangastærð, meðalþyngd, kynþroska og nýliðun.

TAFLA 2.2.2
Ýsa. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) 1994-1995.

Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1994-1995 for different management strategies.

1992					1993			1994			1995	
Stofn 3+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Catch	Aflhámark 1993-1994 TAC	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 3+	Hrygn.-stofn
Stock 3+	Spawning stock			1993-1994	Stock 3+	Spawning stock		Stock 3+	Spawning stock		Stock 3+	Spawning stock
185	95	0,62	50	50	270	120	0,52	280	150	0,34	295	175
				60			0,66	270	140	0,45	270	155
				70			0,80	255	130	0,59	245	140

1) F= Veiðidánartala 4-7 ára ýsu F= Fishing mortality of age groups 4-7.



Mynd 2.2.7. ÝSA. Stærð ýsustofnsins árin 1980-1993 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1994-1995.

Fig. 2.2.7. HADDOCK. Stock size (thous. tonnes) 1980-1993 and projection of stock and spawning stock biomass in 1994-1995 for different management strategies.

Áætlað er að veiðistofn ýsu í ársbyrjun 1992 hafi verið 185 þús. tonn eins og áður sagði. Bróðurparturinn af þessum fiski eða 64% af fjölda (44% af þyngd) er þó aðeins 3ja ára gamall. Í

ársbyrjun 1993 er áætlað að stofninn hafi stækkað verulega og verði 270 þús. tonn. Þarf þá að fara 11 ár aftur í tímann til að finna hliðstæða stærð ýsustofnsins. Þetta er mun meira af ýsu en gert var ráð fyrir í síðustu úttekt (um 225 þús. tonn í ársbyrjun 1993). Stafar það fyrst og fremst af því að árgangurinn frá 1990 virðist stærri en áður var talið. Samkvæmt þessu verður 3ja ára fiskur væntanlega áfram jafn stór hluti veiðistofnsins á árinu 1993 og hann er á árinu 1992.

Árið 1993 verður lítið eftir af árganginum frá 1985 og mikill hluti ýsustofnsins því ungur og ókynþroska fiskur. Hrygningarstofninn mun því vaxa hægar en veiðistofninn en verður þó væntanlega um 120 þús. tonn í ársbyrjun 1993. Undanfarin 10 ár hefur meðalstærð hrygningarstofnsins hins vegar verið um 100 þús. tonn.

Í síðustu skýrslu var lagt til að ekki yrði sótt mjög stíft í ýsuna þrátt fyrir stækkandi stofn árið 1992 enda stór hluti stofnsins mjög ungur fiskur. Það sama gildir fyrir árið 1993 (mynd 2.2.6). Árið 1993 verður veiðistofninn hins vegar 85 þús. tonnum stærri en 1992. Svipuð sókn og árið 1992 mun því væntanlega leiða til 60 þús. tonna afla á árinu 1993. Hafrannsóknastofnun leggur því til að ýsuafli á næsta fiskveiðiári (1992/93) fari ekki yfir 60 þús. tonn enda myndi aukin sókn einkum koma niður á smáfiski.


2.3 Ufsi

2.3.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1991

Ufsaafllinn árið 1991 varð tæp 102 þús. tonn en var um 98 þús. tonn árið 1990 (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1). Afli togara á sóknareiningu var um 15% meiri en árið á undan og 30% hærrí hjá netabátum. Hinsvegar var sókn togara í ufsa á árinu 1991 svipuð og 1990 en sókn netabáta minnkaði verulega á sama tíma.


Ufsaafllinn á tímabilinu janúar-mars 1992 var rúmlega 18 þús. tonn miðað við 23 þús. tonn 1991. Áætluð aldursskipting í aflanum árið 1992 er sýnd á mynd 2.3.2.

Ufsaafli togara 1991 byggðist að fjórum fimmtu hlutum á 5-7 ára fiski og var hlutdeild árgangsins frá 1984 mest eða 39% af fjölda. Afli netabáta byggðist mest á eldri ufsa, 7-9 ára gömlum og var 7 og 8 ára ufsi algengastur með 25% og 32% hlutdeild miðað við fjölda. Skipting ufsaafllans í fjölda eftir aldri á árunum 1972-1991 er sýnd í töflu 3.3.4 og veiðidánartölur í töflu 3.3.6. Eins og fram kemur í mynd 2.3.3. er sókn í ufsastofninn ekki mikið umfram kjörsókn.



Mynd 2.3.1. UFSI. Heildaraflí árin 1965-1991 og meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa sama tímabil.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total landings 1965-1991 (upper line) and mean F_{4-9} during the same period.



Mynd 2.3.2. UFSI.
Hlutfallsleg aldursdreifing
landaðs afla 1992.


Fig. 2.3.2. SAITHE.
Percentage age distribution
in the 1992 landings.

2.3.2 Vöxtur og kynþroski

Meðalþyngd 6-9 ára ufsa í lönduðum afla hefur farið minnkandi á undanföllum árum, eða um 25% frá 1986 til 1991 (tafla 3.3.2). Meðalþyngd 7 ára ufsa 1991 var aðeins 3.5 kg en var 5.5 kg árið 1986. Hjá ufsa er marktækt samband á milli árgangastærðar og meðalþyngdar 4-9 ára fisks í lönduðum afla og skýrist minnkandi meðalþyngd e.t.v. að hluta af stærð ufsaárganganna frá 1983-1985. Einnig eru vísbendingar um göngur hægvoxta ufsa inn á íslenska hafsvæðið á árinu 1991. Við mat á kynþroskahlutfalli árána 1982-1992 var notað tölfræðilegt líkan þar sem gögn frá árunum 1982-1985 og 1988-1991 voru notuð til að meta kynþroska eftir aldri fyrir framangreint tímabil (tafla 3.3.3).


2.3.3 Ástand stofnsins og nýliðun

Eins og fram hefur komið áður í skýrslum Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framreikningum á stærð ufsastofnsins hefur því venjulega verið miðað við meðalnýliðun á tilteknu tímabili.



Mynd 2.3.3. UFSI.
Afrakstur og hrygningarstofn
á 3 ára nýliða miðað við
mismunandi sókn
(veiðidánartölu).


Fig. 2.3.3. SAITHE. Yield
and spawning stock biomass
per 3 year old recruit at
various fishing mortalities.



Mynd 2.3.4. UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968-1992 í þúsundum tonna.


Fig. 2.3.4. SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1968-1992 (thousand tonnes).

Að venju var notuð aldurs-afla aðferðin til að meta stofnstærð ufsa. Nú er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 1992 hafi veiðistofninn (fjögurra ára fiskur og eldri) verið um 90 þús. tonnum stærri en fram kom í síðustu skýrslu, eða 375 þús. tonn (mynd.2.3.4). Munurinn liggur í stærð árganganna frá 1984-1986 (mynd 2.3.5). Í fyrra var 1984 árgangurinn talinn vera um 75 milljónir þriggja ára nýliða en telst nú um 100 milljónir, sem er stærsti ufsaárgangur sem komið hefur fram síðustu þrjá áratugi. Árgangurinn frá 1985 er nú metinn um 65 milljónir nýliða en var álitinn um 47 milljónir í síðustu skýrslu. Þá var gert ráð fyrir að 1986 árgangurinn væri aðeins um helmingur af meðalárgangi en er nú talinn meðalstór. Nú er stærð hrygningarstofnsins talin 35 þús. tonnum meiri en í síðustu skýrslu. Ef aflinn árið 1992 verður 75 þús. tonn er áætlað að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1993 verði 365 þús. tonn og hrygningarstofninn 205 þús. tonn.



Mynd 2.3.5. UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1991. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.5. SAITHE. Year classes 1965-1991 at age 3 (in millions).



Mynd 2.3.6. UFSI. Stærð ufsastofnsins árin 1980-1993 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1994-1995.

Fig. 2.3.6. SAITHE. Stock size (thous. tonnes) 1980-1993 and projection of stock and spawning stock biomass in 1994-1995 for different management strategies.

Mun meira veiddist hlutfallslega af 7 ára ufsa árið 1991 en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu. Ennfremur er meðalþyngd þessa árgangs minni en áður hefur mælst. Þetta ásamt lengdardreifingu 7 ára fisks bendir til að ufsi hafi gengið inn á íslenska hafsvæðið á árinu 1991. Merkingar sem gerðar voru við Noreg á árunum 1954-1980 sýna að ufsi frá Noregi gengur sum ár í töluverðu magni til Íslands. Á árinu 1991 hefur Hafrannsóknastofnun borist eitt merki úr ufsa merktum við Noreg og annað á árinu 1992. Lítið hefur verið merkt af ufsa við Noreg á undanförmum árum þó voru merktir 500 ufsar árið 1988.

TAFLA 2.3.1

Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affi.

Saithe. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	60	60	65	75	80	90	65	70
Heildaraflamark - National TAC	70	70	70	80	80	90	65	75
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	55	64	78	74	80	95	69	-
Afli annarra þjóða - Landings (others)	2	2	2	3	2	3	2	-
Afli alls - Total landings	57	66	80	77	82	98	71	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

Meðalþyngd ufsa eftir aldri við Noreg er töluvert minni en við Ísland. Einnig er athyglisvert að 1983 og 1984 árgangar ufsa við Noreg eru báðir verulega yfir meðalstærð.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns og hrygningarstofns á árunum 1972-1992 er sýnd í töflu 3.3.5.

2.3.4. Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1992/93

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og ufsaafla síðan árið 1985.


TAFLA 2.3.2
Ufsi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) 1994-1995.

Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1994-1995 for different management strategies .

1992					1993			1994			1995	
Stofn 4+	Hrygn.-stofn 4+	F ¹⁾	Afli	Aflahámark 1993-1994 TAC	Stofn 4+	Hrygn.-stofn 4+	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn 4+	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn 4+
Stock 4+	Spawning stock		Catch	1993-1994	Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
375	215	0,27	75	70	365	205	0,27	375	220	0,25	380	230
				80			0,30	360	210	0,30	355	210
				90			0,35	350	200	0,37	335	190
				100			0,40	340	190	0,45	310	170

1) F= Veiðidánartala 4-9 ára ufsa. F= Fishing mortality of age groups 4-9.

Í framreikningunum á stofnstærð sem sýndir eru í töflu 2.3.2 og á mynd 2.3.6 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1988-1991) séu að meðalstærð eða 40 milljónir þriggja ára nýliða. Kynþroski eftir aldri árin 1992-1995 er áætlaður út frá sambandi á milli meðalþyngdar, árgangastyrks og aldurs. Meðalþyngd 4-9 ára fisks eftir aldri fyrir sama tímabil var metin með aðhvarfsgreiningu þar sem tekið er tillit til árgangastyrks og meðalþyngdar sama aldursflokks árið áður. Meðalþyngd þriggja og 10-14 ára ufsa miðast hins vegar við meðaltöl árunna 1982-1991 (tafla 3.3.7). Spá um aldursskiptingu aflans árið 1993 er sýnd á mynd 2.3.7.



Mynd 2.3.7. UFSI. Spá um alurdreifingu í lönduðum afla 1993.

Fig. 2.3.7. SAITHE. Prognosis of age distribution in the 1993 landings.

Hámarksafurkastur ufsastofnsins til lengri tíma litið er um 70-80 þús. tonn. Miðað við ofangreindar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á ufsastofninn eins og fram kemur í töflu 2.3.2 og mynd 2.3.6.

Ef veidd verða 90 þús. tonn mun veiðstofn ufsa minnka úr 375 þús. tonnum í um 335 þús. tonn og hrygningarstofn úr 205 þús. tonnum í 190 þús. tonn í ársbyrjun 1995. Við 80 þús. tonna afla standa veiði- og hrygningarstofn nánast í stað, en við 70 þús. tonna afla munu bæði veiði- og hrygningarstofn vaxa dálftið á næstu tveim árum.

Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að ufsaafli á fiskveiðiárinu 1992/93 fari ekki yfir 80 þús. tonn.

2.4 Karfi

Eins og getið var í síðustu skýrslu (Fjölrit nr. 25) hafa nafngiftir karfategunda og stofna stundum verið nokkuð óljósar. Þannig hefur tegundarheitið karfi verið notað um *Sebastes marinus* en í reynd jafnframt verið notað sem safnheiti fyrir þær þrjár karfategundir sem finnast við landið. Þess má og geta að ein tegundin skiptist í tvo megin stofna, þ.e. djúpkarfa og úthafskarfa.

Í von um að koma megi í veg fyrir áframhaldandi nafnabrengr eru eftirfarandi tegundanöfn nú notuð á Hafrannsóknastofnun yfir karfategundir við landið:

<i>Sebastes viviparus</i>	=	Litli karfi
<i>Sebastes marinus</i>	=	Gullkarfi (stóri karfi, venjul. karfi, grunnkarfi)
<i>Sebastes mentella</i>	=	Djúpkarfi
		Úthafskarfi

Heitið gullkarfi fyrir tegundina *Sebastes marinus* er þýðing á nafni, sem Þjóðverjar og Bretar hafa lengi notað fyrir *S. marinus*, þ.e. Goldbarsch og golden redfish. Áður hafði verið stungið upp á heitinu grunnkarfi fyrir þá tegund. Það er þó miður heppilegt því litli karfi (*S. viviparus*) er í raun eina karfategundin hér við land, sem heldur sig á grunnsævi. Litli karfi er smávaxin karfategund sem ekki er nýtt ennþá og er því ekki fjallað um hann í þessari skýrslu.


Að þessu sinni eru báðar tegundirnar, gullkarfi og djúpkarfi, meðhöndlaðar sem ein væri þar sem á síðustu árum hefur ekki reynst unnt að skilja þær að með öruggum hætti í afla. Áfram verður reynt að finna leiðir til að aðgreina þessar tegundir.

2.4.1 Afli og sókn

Talið er að sömu stofnar gullkarfa og djúpkarfa séu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.

Á Íslandsmiðum var samanlagður afli gullkarfa og djúpkarfa á bilinu 89-97 þús. tonn á árunum 1987-1991. Afli á sóknareiningu hefur verið frekar stöðugur hin seinni ár og heildaraflinn tiltölulega jafn frá ári til árs. Heildaraflinn gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.4.1 og skipting aflans eftir tegundum árin 1970-1989 er sýnd á mynd 2.4.1.

Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og heildarkarfaafli á Íslandsmiðum síðan 1985.



Mynd 2.4.1 KARFI.
Heildaraflí á Íslandsmiðum
1970-1989.

Fig. 2.4.1 REDFISH. Total
landings from Iceland
grounds 1970-1989.

Við Austur-Grænland minnkaði aflinn úr um 10 þús. tonnum árið 1988 í um 3.000 tonn 1989 en jókst síðan og varð rúm 10 þús. tonn 1991.

Við Færeyjar var aflí þessara tegunda mestur árið 1986 rúm 21 þús. tonn. Síðan fór aflinn minnkandi ár frá ári og var tæp 12 þús. tonn árið 1990, en jókst aftur í 15 þús. tonn 1991.

TAFLA 2.4.1

Karfi. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og aflí (þús. tonn).
Redfish. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).


Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	90	85	75	75	75	80	55	90
Heildaraflamark - National TAC	110	100	95	85	77	80	55	90
Aflí Íslendinga - Landings (Iceland)	91	86	88	94	92	91	63	-
Aflí annarra þjóða - Landings (others)	1	1	1	1	1	1	1	-
Aflí alls - Total landings	92	87	89	95	92	92	64	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

Í heild minnkaði aflí gullkarfa og djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar úr um 120 þús. tonnum 1988 í um 110 þús. tonn 1989 og 1990 en jókst aftur í um 125 þús. tonn 1991 (mynd 2.4.2).

Mest veiddist af úthafskarfa 105 þús. tonn árið 1986. Árin 1987 og 1988 var úthafskarfaaflinn um 90 þús. tonn, minnkaði í um 35 þús. tonn árin 1989 og 1990 og var kominn niður í rúm 23 þús. tonn 1991 (tafla 3.4.3). Þessar veiðar voru einkum stundaðar af Sovétmönnum, Austur-Þjóðverjum og Búlgörum. Sovétmenn drógu stórliga úr veiðinni á úthafskarfa árið 1989 og Austur-Þjóðverjar hættu alveg ári seinna.



Mynd 2.4.2 KARFI. Heildaraflí árin 1970-1991 á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Færeyjar.

Fig. 2.4.2. REDFISH. Total landings 1970-1991 from East-Greenland, Iceland and the Faroes.


Íslendingar hófu veiðar á úthafskarfa 1989 og Norðmenn árið 1990. Afli Íslendinga var um 3.300 tonn árið 1989, 4.500 tonn 1990 og 9.900 tonn árið 1991 (að meðtöldu úrkasti). Á árinu 1991 hófu Íslendingar veiði úr þessum stofni innan eigin efnahagslögsögu. Hefur þeim veiðum verið fram haldið árið 1992, en áður höfðu Íslendingar svo til eingöngu veitt utan efnahagslögsögu Íslands og Grænlands. Skipting karfaafans eftir svæðum á árabílinu 1969-1991 er sýnd í töflu 3.4.2 og eftir tegundum árin 1978-1991 í töflu 3.4.3.

2.4.2 Lengdardreifing í afla

Lengdardreifing gullkarfa í afla árið 1991 var mjög svipuð og 1990. Meðallengd var hin sama bæði árin, þ.e. 38,5 sm.

Lengdardreifing djúpkarfa sýnir að fiskurinn var heldur smærri 1991 en 1990 og meðallengdin 39,5 sm í stað 40,0 sm.

Á árinu 1991 var meðallengd úthafskarfa 36,9 sm en var 35,8 sm árið 1990.



Mynd 2.4.3 KARFI. Afli og afli á togtíma í karfaveiðum Íslendinga á árunum 1980-1991.

Fig. 2.4.3. REDFISH. Landings and CPUE (tn/hour) in the Icelandic redfish fisheries during 1980-1991.

2.4.3 Ástand karfastofna

Samanlagður affli beggja tegunda, gullkarfa og djúpkarfa, hefur verið tiltölulega jafn á Íslandsmiðum um alllangt skeið (tafla 3.4.1). Sama gildir um afla á togtíma sem bendir til þess að þessir karfastofnar séu í jafnvægi þegar á heildina er litið (mynd 2.4.3).

2.4.4 Tillögur um hámarksafli


Þar sem stofnstærð gullkarfa og djúpkarfa virðist ekki hafa breyst verulega á undanförmum árum leggur Hafrannsóknastofnun til að hámarksafli þessara tegunda á Íslandsmiðum á fiskveiðiarinu 1992/93 verði 90 þús. tonn. Þessi tillaga byggist m.a. á meðalafli síðustu 5 ára svo og sóknargögnum. Fiskveiðinefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur lagt til að í varúðarskyni verði hámarksafli af gullkarfa og djúpkarfa 120 þús. tonn á öllu veiðisvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.

Hvað úthafskarfann varðar leggur Alþjóðahafrannsóknaráðið til, að aflinn verði takmarkaður við 50 þúsund tonn uns frekari vitneskja fæst um útbreiðsluvæðið og um viðbrögð stofnsins við þessari veiði. Reiknað er með að áframhaldandi bergmálsleiðangrar muni veita frekari vitneskju um þessi atriði

2.5 Grálúða

2.5.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1991

Heildarafli grálúðu við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar árið 1991 var 43 þús. tonn en þar af veiddu Íslendingar u.þ.b. 40 þús. tonn. Til samanburðar var aflinn árið 1990 heldur minni eða 39 þús. tonn og var hlutur Íslendinga tæp 37 þús. tonn (tafla 3.5.1). Hafrannsóknastofnun lagði til að leyfilegur hámarksafli yrði 30 þús. tonn árið 1991 eða 27 þús. tonn á veiðitímabilinu janúar-september. Landaður affli á þessu tímabili nam 31 þús. tonnum. Grálúðuafli á seinni hluta ársins 1991 (september-desember) var hins vegar u.þ.b. 12 þús. tonn sem er miklu meira en á sama tímabili árið áður. Grálúðuaflinn á tímabilinu janúar-apríl 1992 var rúmlega 7 þús. tonn (bráðabirgðatölur Fiskifélags Íslands) en á sama tíma í fyrra var búið að landa rúmlega 8 þús. tonnum. Gert er ráð fyrir að grálúðuaflinn allt árið 1992 verði um 27 þús. tonn, þar af 15 þús. tonn á tímabilinu janúar-ágúst.




Mynd 2.5.1. GRÁLÚÐA.
Aldursdreifing í afla árin
1990 og 1991.

Fig. 2.5.1. GREENLAND
HALIBUT. Age distribution
in the 1990 and 1991
catches.

Uppistaðan í aflanum árið 1991 var 8-10 ára fiskur svipað og árið áður (mynd 2.5.1). Helstu breytingar í aldurssamsetningu árið 1991 felast í hlutfallslegri aukningu á eldri fiski í aflanum (12 ára og eldri). Einnig veiddist meira af 6 ára grálúðu heldur en árið áður. Tafla 3.5.4 sýnir aflann í fjölda eftir aldri á árunum 1976-1991.


Sókn er metin eftir upplýsingum úr veiðidagbókum togara. Sókn í grálúðu hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 1981 og náði hámarki árið 1989 (mynd 2.5.2). Afli á sóknareiningu hefur að sama skapi farið minnkandi og hefur aldrei verið eins lítil og árin 1990 og 1991 (mynd 2.5.2).



Mynd 2.5.2. GRÁLÚÐA. Heildarsókn (pús. togtímar) og afli á togtíma árin 1977-1991.

Fig. 2.5.2. GREENLAND HALIBUT. Total effort (thous. hours trawling) and CPUE (tn/hour) during the period 1977-1991.

2.5.2 Ástand stofnsins




Mynd 2.5.3. GRÁLÚÐA. Heildaraflí árin 1976-1991 og meðalveiðidánartala 8-13 ára grálúðu sama tímabil.

Fig. 2.5.3. GREENLAND HALIBUT. Total landings 1976-1991 (upper line) and mean F_{8-13} during the same period.


Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera sami stofninn. Við útreikninga á veiðidánartölu var sérstaklega tekið tillit til þeirra sóknarbreytinga sem hafa átt sér stað á

undanförnum árum. Sóknin hefur bæði aukist og breyst að því leyti að nú er togað á mun meira dýpi en áður sem veldur því að eldri fiskur veiðist í auknum mæli. Miðað við þær sóknarbreytingar sem orðið hafa á tímabilinu 1985-1991 kemur í ljós að veiðidánartalan er ívið lægri en í seinustu skýrslu (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 25). Af sömu ástæðu er veiðistofninn (6 ára og eldri) stærri en áætlað var árið 1991. Veiðidánartala hækkaði ört fram til 1980 (mynd 2.5.3). Á árunum 1980-1984 var hún á bilinu 0,34-0,48 en lækkaði síðan í 0,25 árið 1986. Veiðidánartalan náði aftur hámarki (0,43) árið 1989 en lækkaði aftur árið 1990 (tafla 3.5.6).



Mynd 2.5.4. GRÁLÚDA. Stærð heildarstofns (6 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1991 í þúsundum tonna.


Fig. 2.5.4. GREENLAND HALIBUT. Total stock (6+) and spawning stock biomass during the period 1976-1991 (thousand tonnes).



Mynd 2.5.5. GRÁLÚDA. Stærð grálúðuárganganna 1971-1986. Fjöldi við 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.5.5. GREENLAND HALIBUT. Year classes 1971-1986 at age 5 (in millions).

Veiðistofninn (6 ára fiskur og eldri) fór vaxandi fram til ársins 1987 en þá var hann um 250 þús. tonn (mynd 2.5.4 og tafla 3.5.5). Grálúðustofninn hefur farið minnkandi síðan 1987 og er talinn hafa verið 185 þús. tonn í ársbyrjun 1992. Hrygningarstofninn náði hámarki á árunum 1987 og 1988, um 120 þús. tonnum, en er talinn hafa verið um 80 þús. tonn í ársbyrjun 1992.



Mynd 2.5.6. GRÁLÚÐA. Afrakstur og hrygningarstofn á 5 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.5.6. GREENLAND HALIBUT. Yield and spawning stock per 5 year old recruit at various fishing mortalities

Árgangarnir 1980-1982 eru yfir meðallagi. Þar af er 1980 árgangurinn stærstur eða um 42 milljónir fiska (mynd 2.5.5). Síðan hefur nýliðun minnkað og virðist 1984 árgangurinn vera lélegur eða aðeins 28 milljónir fiska.

Afrakstur á nýliða er sýndur á mynd 2.5.6. Þar kemur fram að sóknin á árinu 1991 ($F_{91} = 0,41$) var töluvert umfram kjörsókn ($F_k = 0,26$).

TAFLA 2.5.1

Grálúða. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflhámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ³⁾
Tillaga - Recommended TAC	25	25	25	30	30	30	27	25
Heildaraflamark - National TAC	30	30	30	30	30	30 ²⁾	33	25
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	29	31	45	49	58	36	31	-
Afli annara - Landings (others)	-	-	-	-	1	1	0	-
Afli alls - Total landings	29	31	45	49	59	37	31	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.


2) Með tilliti til reglugerðarákvæða um heimildir sóknarmarks og tilfærslu milli fisktegunda, gat grálúðaaflið hins vegar orðið um 45 þús. tonn. (According to regulations by effort quota and other flexibilities in the quota system, the landings of Greenland halibut in 1990 could have reached some 45 thous. tonnes).

3) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

Hlutfall kynþroska eftir aldri var endurmetið í ljósi nýrra upplýsinga frá árinu 1991. Kynþroski eftir aldri á árunum 1985-1990 byggist þannig á meðaltölum árunna 1982, 1983, 1984 og 1991. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýndur í töflum 3.5.2 og 3.5.3.

2.5.3 Horfur og tillögur um hámarksafla 1992/93

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda og grálúðuafla síðan árið 1985.



Mynd 2.5.7. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðustofnsins árin 1980-1993 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1994-1995.

Fig. 2.5.7. GREENLAND HALIBUT. Stock size (thous. tonnes) 1980-1993 and projection of stock and spawning stock biomass in 1994-1995 for different management strategies.

TAFLA 2.5.2

Grálúða. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1994-1995.

Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1994-1995 for different management strategies.

1992				1993				1994				1995	
Stofn 6+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Afli	Aflhámark 1993-1994 TAC	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	
Stock 6+	Spawning stock		Catch	1993-1994	Stock 6+	Spawning stock		Stock 6+	Spawning stock		Stock 6+	Spawning stock	
185	80	0,26	27	25	190	85	0,22	205	100	0,19	220	100	
				30			0,27	200	90	0,20	210	95	
				35			0,32	195	85	0,32	200	90	
				45			0,43	185	80	0,47	175	75	

1) F= Veiddánartala 8-13 ára grálúðu. F= Fishing mortality of age groups 8-13.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að veiðistofn hafi verið 185 þús. tonn í ársbyrjun 1992 og hrygningarstofn 80 þús. tonn (tafla 2.5.2 og mynd 2.5.7). Áætlað er að nýliðun verði nálægt meðaltali árána 1976-1988, 34 milljónir 5 ára fiska. Ennfremur er gert ráð fyrir að kynþroski verði eins og meðaltal árána 1982, 1983, 1984 og 1991.


Tafla 2.5.2 sýnir að við 45 þús. tonna afla mun stofninn hraka á næstu árum. Veiðistofn mun verða 175 þús. tonn og hrygningarstofn 75 þús. tonn í ársbyrjun 1995. Við 35 þús. tonna afla munu veiðistofn og hrygningarstofn vaxa lítillega og verða 200 þús. tonn og 90 þús. tonn árið 1995. Þá mun sóknin hins vegar verða verulega umfram kjörsókn. Við 25 þús. tonna afla mun stofninn vaxa og í ársbyrjun 1995 er áætlað að veiðistofninn verði 220 þús. tonn og hrygningarstofninn 100 þús. tonn. Kjörsókn í grálúðu (F_k) er 0,26 sem svarar til um 30 þús. tonna afla.

Á árunum 1982-1986 var veiðistofninn áætlaður 210-240 þús. tonn en þá var ársafinn um 30 þús. tonn. Því virðist sem grálúðustofninn geti staðið undir ársafla að þessu marki en þoli ekki aukið álag eins og átti sér stað á árunum 1987-1989 þegar heildaraflinn fór upp í 47-61 þús. tonn. Þrátt fyrir aukna veiðitækni og staðþekkingu, hefur afli á sóknareiningu minnkað og aldrei verið minni en árin 1990 og 1991 (mynd 2.5.2).

Með hliðsjón af framansögðu leggur Hafrannsóknastofnun til að heildarafl grálúðu fiskveiðiárið 1992/93 miðist við kjörsókn og verði um 30 þús. tonn. Með þessu móti er líklegt að grálúðustofninn fari heldur vaxandi á næstu árum. Vonast er til að meiri og betri upplýsingar fáiist um grálúðustofninn þegar reynsla kemur á stofnmælingar þær sem gerðar voru í fyrsta skipti í maí-júní 1992.

2.6 Lúða

Skráður lúðuafl af Íslandsmiðum hefur á seinni árum verið frá 1.700 til 2.100 tonn og þar af hefur afli Íslendinga verið á bilinu 1.300 - 1.700 tonn.



Mynd 2.6.1. LÚÐA.
Heildarafl árin 1965-1991.


Fig. 2.6.1. HALIBUT. Total landings during the period 1965-1991 (thousand tonnes).

Árið 1991 jókst lúðuafli Íslendinga í tæp 1.900 tonn og heildaraflinn varð um 2.300 tonn. Árið 1991 fékkst um 60% af íslenska lúðuafli á haukalóð en afgangurinn í önnur veiðarfæri, aðallega botnvörpu.

Lúðuafli á Íslandsmiðum frá 1965 er sýndur á mynd 2.6.1 og frá 1950 í töflu 3.6.1.


2.7 Steinbítur

Á árunum 1985-1988 jókst steinbítisafllinn úr tæplega 10 þús. tonnum í um 14.500 tonn og hefur s.l. þrjú ár verið á bilinu 14.100-14.600 tonn (mynd 2.7.1). Í marslok 1992 var steinbítisafllinn um 1000 tonnum meiri en á sama tíma 1991 og má því reikna með að ársafllinn 1992 verði heldur meiri en 1991. Steinbítisafllinn allt frá 1950 er sýndur í töflu 3.7.1.



Mynd 2.7.1. STEINBÍTUR.
Heildarafl árin 1965-1991.

Fig. 2.7.1. WOLFFISH.
Total landings during the
period 1965-1991 (thousand
tonnes).




Mynd 2.7.2 STEINBÍTUR.
Vísitala stofnstærðar úr
stofnmælingu botnfiska
1985-1992

Fig. 2.7.2 WOLFFISH.
Stock index from groundfish
surveys 1985-1992.

Aldur steinbíts í afla fiskiskipa hefur lengi verið 8-20 ár og er 10-15 ára, 60-85 cm, fiskur algengastur. Steinbítisvísitalan úr hinni árlegu stofnmælingu botnfiska árin 1985-1992 hefur verið tiltölulega jöfn og bendir ekki til sérstakra breytinga í stofninum (mynd 2.7.2). Sama gildir um aldurs- og lengdardreifingu í afla stofnmælingatogara á þessu tímabili. Ekki verður því annað séð en steinbítisstofninn þoli vel þá auknu sókn sem í hann hefur verið síðan árið 1988 og mætti að líkindum auka hana nokkuð. Í varúðarskyni leggur Hafrannsóknastofnun þó til að steinbítisafllinn á fiskveiðiárinu 1992/93 fari ekki yfir 16 þús. tonn.

2.8 Skarkoli

Skarkolaafllinn árið 1991 var tæp 11 þús. tonn en það er næstum sami afli og árin 1989 og 1990. Afllinn 1988 var hins vegar tæpum 3 þús. tonnum meiri eða um 14 þús. tonn (mynd 2.8.1). Skarkolaafllinn frá 1950 er sýndur í töflu 3.8.1



Mynd 2.8.1. SKARKOLI.
Heildaraflí árin 1965-1991.


Fig. 2.8.1 PLAICE. Total landings during the period 1965-1991 (thousand tonnes).

Á fyrstu sjö mánuðum fiskveiðiársins 1991/92 veiddust rúm 4 þús. tonn af skarkola. Verði afllinn síðustu 5 mánuðina svipaður og í lok síðasta fiskveiðiárs (um 6.500 tonn) má gera ráð fyrir um 11 þús. tonna heildarafla fiskveiðiárið 1991/92. Samkvæmt því má gera ráð fyrir svipuðum heildarafla árið 1992 og var árið 1991.

Samkvæmt veiðiskýrslum dragnótabáta fór skarkolaafli á sóknareiningu minnkandi úr um 600 kg í kasti árið 1979 niður í um 300 kg 1990 en jókst aftur á árinu 1991 í um 500 kg í kasti (afli á sóknareiningu er nú reiknaður sem meðalafli í kasti yfir allt árið þar sem skarkolaafllinn í hverju kasti var 50% eða meira af afla). Þetta á jafnt við um Faxaflóa sem önnur mið (mynd 2.8.2).

Frá 1984 hélst afli á sóknareiningu á öðrum svæðum en Faxaflóa tiltölulega jafn, um 300 kg í kasti. Árlegur heildaraflí á þessu tímabili var einnig nokkuð stöðugur, um 12 þús. tonn. Þetta bendir til þess að sókn í skarkola sé í nokkru samræmi við afrakstursgetu stofnsins. Þó ber að hafa í huga að á undanförmum árum hefur orðið nokkuð ör þróun í dragnótaveiðum. Í stað þess að nota 400-480 faðma víra og um 60 faðma tóg eru margir bátar nú með allt að 1440 faðma tóg. Ekki reyndist unnt að skoða mun í afla á sóknareiningu miðað við mismunandi tóglengd þar sem margir skipstjórar hafa trassað að skrá þessar upplýsingar í veiðiskýrslur sínar. Þó er augljóst að

sé tekið tillit til aukinnar veiðihæfni dragnótarinnar hefur afli á sóknareiningu minnkað meira en hér kemur fram.



Mynd 2.8.2. SKARKOLI. Afli (kg) á sóknareiningu hjá dragnótabátum í júlí-október árin 1979-1991.

Fig. 2.8.2. PLAICE. CPUE (kg) from seiners in July - October in 1979-1991.


Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í marsmánuði árin 1985-1992 benda til þess að skarkolastofninn hafi farið minnkandi frá árinu 1985 þegar stofnmæling botnfiska hófst. Rétt er þó að hafa í huga að stofnmælingin er ekki skipulögð með tilliti til útbreiðslu skarkola og veiðarfærið ekki hentugt til skarkolaveiða.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að sókn í skarkolastofninn verði ekki aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár og að leyfilegur hámarksafli af skarkola fiskveiðiárið 1992/93 verði 10 þús. tonn.

2.9 Langlúra


Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986, en í nokkra áratugi hafði langlúra ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að verulegu leyti kastað fyrir borð. Við tilraunaveiðarnar var notuð dragnót með 1440 faðma tógi og 35 faðma höfuðlínu. Tilraunaveiðarnar gáfust vel og tókst að selja langlúruna á tiltölulega góðu verði til Belgíu og Japan. Á árinu 1987 stunduðu um 10 dragnótabátar þessar veiðar og varð heildarafli tæp 4.600 tonn. Afliinn hafði áður orðið mestur um 1.800 tonn árið 1949 en þá voru útlendingar nær einir um langlúruveiðarnar. Afliinn hefur farið minnkandi undanfarin ár og var aðeins tæp 1.300 tonn árið 1990 en jókst aftur 1991 og var þá um 1.800 tonn (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1).

Afli á sóknareiningu (afli í kasti) var rúmlega 1000 kg að meðaltali árið 1987 en minnkaði á næstu tveimur árum þar á eftir í 600 kg og hefur verið nokkuð svipaður síðan (mynd 2.9.2). Frá árinu 1990 hafa ekki verið leyfðar langlúruveiðar með 120 mm möskskva í poka á tímabilinu maí-ágúst samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar. Langlúra er þó veidd á þessu tímabili með 135 mm möskva.



Mynd 2.9.1. LANGLÚRA. Heildaraflí árin 1965-1991.

Fig. 2.9.1. WITCH. Total landings during the period 1965-1991 (thousand tonnes).



Mynd 2.9.2. LANGLÚRA. Aflí (kg) á sóknareiningu hjá dragnótabátum 1987-1991.

Fig. 2.9.2. WITCH. CPUE (kg) from wírch seiners during the period 1987-1991.


Sókn í langlúra hefur farið minnkandi frá árinu 1987 og árið 1990 var sóknin aðeins um helmingur þess sem þá var. Á árinu 1991 jókst sóknin hins vegar um 30 % frá því sem var árið áður. Sóknin á árunum 1987-1989 virðist hafa verið umfram afrakstursgetu stofnsins enda veiðarnar stundaðar með öflugum bátum á afmörkuðum svæðum og notað afkastamikið veiðarfæri. Minnkandi sókn á undanförunum árum má rekja til veiðitakmarkana og til minnkandi afla.

Rétt er að ítreka að langlúra er fremur hægvoxta fiskur og afrakstursgeta stofnsins því fremur lítil til langs tíma lítið.

Ekki hefur reynst hægt að meta stofnstærð langlúrunnar af þeim gögnum sem fyrir liggja. Hafrannsóknastofnunin getur því ekki lagt til ákveðinn hámarksafla. En í ljósi þess að afli á sóknareiningu hefur verið svipaður undanfarin þrjú ár, er lagt til að sókn í stofninn verði svipuð og árin 1989-1991 og veiðileyfum ekki fjölgað. Jafnframt er lagt til að langlúruveiðar verði bannaðar á tímabilinu 1. maí til 1. september eins og verið hefur síðan 1990.

2.10 Blálanga

Blálanga er aðallega veidd í bontvörpu. Síðustu árin hefur blálönguafli Íslendinga svo til eingöngu verið aukaafli við aðrar veiðar. Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru þó stundaðar á árunum 1980-1984 og varð blálönguafli Íslendinga um 8.000 tonn árin 1980 og 1981. Árið 1985 var afliinn kominn niður í um 1.400 tonn en jókst síðan lítillega og var á bilinu 1.700-2.100 tonn árin 1986-1990. Árið 1991 veiddu Íslendingar aðeins 1.400 tonn af blálöngu. Mynd 2.10.1 og tafla 3.10.1 sýna blálönguafli á Íslandsmiðum á árunum 1966-1991.




Mynd 2.10.1. BLÁLANGA.
Heildaraflí árin 1966-1991.

Fig. 2.10.1. BLUE LING.
Total landings during the
period 1966-1991 (thousand
tonnes).

2.11 Langa

Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Lönguafli Íslendinga hefur verið tiltölulega jafn um árabíl, þ.e. á bilinu 3.000-4.000 tonn á ári, en jókst í um 5.000 tonn 1988-1991. Árið 1991 veiddu Íslendingar um 5.300 tonn og hefur lönguafliinn því aukist um tæp 80% frá árinu 1986. Þessi aflaaugning hefur orðið í flest veiðarfæri. Undantekningin er þó að netafli fór minnkandi árin 1990 og 1991 samfara aukningu í línuafli um 680 og 600 tonn. Hins vegar hafa línuveiðar almennt farið vaxandi, en 90-95% lönguaflians fæst á línu. Lönguafliinn á Íslandsmiðum árin 1966-1991 er sýndur á mynd 2.11.1 og í töflu 3.11.1. Með svipaðri sókn er ekki ástæða til að ætla annað en að lönguafliinn verði um eða yfir 5.000 tonn árin 1992 og 1993.




Mynd 2.11.1. LANGA.
Heildaraflí árin 1966-1991.

Fig. 2.11.1. LING. Total landings during the period 1966-1991 (thousand tonnes).

2.12 Keila

Keiluaflí Íslendinga var um 6.200 tonn árið 1991 og hafði tvöfaldast frá árinu 1989. Þessa aflaukningu má fyrst og fremst rekja til þess að farið var að sækjast sérstaklega eftir keilu sem áður fékkst svo til eingöngu sem aukaafli við annan veiðiskap.



Mynd 2.12.1. KEILA.
Heildaraflí árin 1966-1991.

Fig. 2.12.1. TUSK. Total landings during the period 1966-1991 (thousand tonnes).

Keiluaflí á Íslandsmiðum hefur um alllangt skeið verið á bilinu 5.000-8.000 tonn en jókst í um 9.400 tonn árið 1991 eða um 1.400 tonn frá árinu áður. Keiluaflí árána 1966-1991 er sýndur á mynd 2.12.1 og í töflu 3.12.1. Til skamms tíma hafa ekki verið miklar sveiflur í keiluveiðum á Íslandsmiðum fremur en á öðrum veiðisvæðum eins og t.d. við Færeyjar. Þess vegna er ekki


fyrirsjáanlegt hver viðbrögð stofnsins verða við skyndilegri aflaukningu. Því leggur Hafrannsóknastofnunin til að árlegur keiluaflí fari ekki yfir 10.000 tonn meðan viðbrögð stofnsins við þeirri veiði eru að koma í ljós.

2.13 Hrognkelsi

Saga grásleppuveiða hefur einkennst af miklum sveiflum í heildarveiði (mynd 2.13.1). Mismunandi aflabrögð eftir árum og landshlutum stjórnað einkum af hrognkelsagengd, veðurfari og sókn. Þar eð sömu breytingar koma fram í aflabrögðum án tillits til veiðiálags er álitnið að veiðarnar valdi ekki sveiflum í stofnstærð heldur orsakist þær fyrst og fremst af breytilegri nýliðun á hverju veiðisvæði.

Árið 1990 varð lélegasta grásleppuveiði sem um getur síðan fyrir 1970. Fór þar saman minni gengd á flestum svæðum en reiknað hafði verið með auk líttillar sóknar vegna þess hve illa leit út með sölu á hrognum. Um 50% aukning varð síðan í afla 1991 miðað við árið áður.

Árið 1992 var búist við að aflabrögð í grásleppuveiðum myndu batna miðað við árin 1990-1991 og var það byggt á athugunum á stærðasamsetningu grásleppuaflans vorið 1991. Mjög lítið veiddist hins vegar af grásleppu í stofnmælingu botnfiska í mars s.l. Þó svo virðist sem grásleppuveiði muni aukast nokkuð árið 1992 miðað við næstliðin ár.



Mynd 2.13.1.
HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppu hér við land 1970-1991.

Fig. 2.13.1. LUMPSUCKER. Total landings of female lumpsucker (tonnes) from Iceland grounds 1970-1991.


Athuganir á stærðarsamsetningu grásleppuaflans í Húnaflóa og Skjálfanda vorið 1992 benda enn fremur til þess að veiðin muni áfram aukast 1993 en hafa ber þó í huga áður nefnda fyrirvara um áhrif veðurfars og sóknar en sóknin stjórnað mjög af söluhorfum grásleppuhrognna.

Tafla 3.13.1 sýnir framleiðslu grásleppuhrognna árin 1970-1991.

2.14 Síld

2.14.1 Síldveiðarnar 1991/92

Hafrannsóknastofnun lagði til að ekki yrði veitt meira en 80 þús. tonn af íslenskrum margotssíld á vertíðinni 1991/92.



Mynd 2.14.1. SÍLD. Heildaraflí árin 1975-1991 og vegin meðalveiðidánartala 4 ára og eldri síldar sama tímabil.

Fig. 2.14.1. HERRING. Total landings 1975-1991 (upper line) and weighted mean F_{4+} during the same period.

Leyfi til síldveiða fengu alls 88 skip og var úthlutað samtals 110 þús. tonnum fyrir tímabilið október 1991-febrúar 1992. Afinn skiptist þannig að á haustmánuðum 1991 var landað 65.820 tonnum en samkvæmt bráðabirgðatölum um 34.500 tonnum í janúar og febrúar 1992. Samtals eru þetta 100.320 tonn. Samkvæmt skýrslum síldveiðiskipa var að minnsta kosti 9.125 tonnum sleppt á miðunum og hafa því veiðst tæplega 109.450 tonn af síld á vertíðinni 1991/92. Í þeirri úttekt sem gerð var á síldarstofninum var einnig tekið tillit til þess að í janúar og febrúar 1991 veiddust 12.326 tonn. Eins og kunnugt er hefur sá hluti síldaraflans sem farið hefur til bræðslu aukist jafnt og þétt og var kominn í 42% árið 1990. Hlutfall bræðslusíldar jókst enn árið 1991 og var þá 56%. Þannig er árið 1991 hið fyrsta í mörg ár þar sem meira af síldaraflanum fór til bræðslu en til manneldis. Aðalveiðisvæðið á vetrarvertíðinni 1991/92 var við Suðausturland frá Ingólfshöfða að Hvalnesi. Segja má að veiðarnar hafi gengið mjög stíðlega, m.a. vegna þess hvað síldin var blönduð og mikið um smásíldarköst. Af þessum sökum voru síldveiðar bannaðar með skyndilokunum mörgum sinnum á vertíðinni og hætt er við að mun meira hafi drepist af smásíld heldur en fram kemur hér að framan.

Síldaraflinn á tímabilinu 1975-1991 er sýndur á mynd 2.14.1 og frá 1951 í töflu 3.14.1.

Tafla 2.14.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afla (þús. tonn) síðan 1985.

2.14.2 Aldursskipting og stofnstærð


Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.14.4. Þar kemur fram að á árunum 1974-1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979-1982 eru það sterku árgangarnir frá 1974-1975 sem bera uppi veiðina. Mikil breyting varð á alursdreifingu

síldaraflans árið 1983 en þá kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og varð yfir 50% af heildaraflanum. Á vertíðunum 1984-1986 var þessi árgangur einnig langgengastur í aflanum. Aldursdreifing síldaraflans haustin 1987 og 1988 einkenndist hins vegar af því að aflinn dreifðist á marga árganga allt frá 4-11 ára síld. Haustið 1988 veiddist þó mest af fimm og sex ára síld. Haustiin 1989-1991 veiddist mest af 1983 árganginum (48%-32%) og virðist þetta vera sterkasti árgangur sem komið hefur í þennan stofn s.l. 40 ár.

TAFLA 2.14.1
Síld. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Herring. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and
landings (thous. tonnes).

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC	50	65	70	90	90	90	80	80
Heildaraflamark - National TAC	50	65	73	90	90	90	80	110
Afli - Landings (Iceland)	49	65	75	93	97	90	85	100

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*



Mynd 2.14.2. SÍLD. Stærð hrygningarstofns árin 1970-1992.


Fig. 2.14.2. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1992 (thousand tonnes).

Hlutfall 8 ára síldar og eldri er umtalsvert lægra í aflanum 1989-1991 (8-15%) en það var á árunum 1986-1987 (27-43%). Þetta var sérstaklega áberandi á vertíðinni 1991/92 en þá veiddist meira af þriggja ára síld (1988 árgangur) en dæmi eru um síðastliðin 20 ár. Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í nóvember-desember eða í janúar við lok síldarvertíðarinnar. Þegar rannsóknaskipin Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson höfðu lokið loðnumælingum seint í nóvember 1991 var gerð tilraun til að mæla síldarstofninn við suðausturströndina. Þá kom í ljós að mjög mikið af smásíld var á miðunum og varð þá strax ljóst að árgangarnir frá 1988 og 1989 voru þar í mjög miklu magni. Í sérstökum síldarleitar- og rannsóknaleiðangri sem farinn var á Árna Friðrikssyni fyrri hluta desembermánaðar 1991 var síldarmergðin mæld í Lónsbug, Hornafjarðardjúpi og Breiðamerkurdjúpi. Einnig var leitað að síld víðar við Suðausturland og

allt vestur að Breiðafirði. Það eru þessar mælingar frá fyrri hluta desembermánaðar 1991 sem núverandi úttekt sildarstofnsins byggist á auk eldri gagna.

TAFLA 2.14.2
Síld. Spá um aldursdreifingu 1992 og 1993 ásamt meðalþyngd og meðallengd
Herring. Predicted age distribution of herring (in %) 1992 and 1993 as well as mean weight and mean length.

Aldur	1992		1993		Meðal- þyngd <i>mean weight</i> g	Meðal- lengd <i>mean length</i> cm
	% eftir fjölda <i>by number</i>	% eftir þyngd <i>by weight</i>	% eftir fjölda <i>by number</i>	% eftir þyngd <i>by weight</i>		
2	+	+	+	+	68	20.1
3	8	5	3	2	147	26.3
4	28	23	19	15	196	29.8
5	21	21	36	34	233	31.3
6	16	18	13	14	264	32.5
7	5	7	11	13	293	33.0
8	6	8	4	5	312	34.0
9	12	15	4	5	320	34.6
10+	4	3	10	12	378	36.1




Mynd 2.14.3. SÍLD.
 Afrakstur og hrygningarstofn
 á 2 ára nýliða miðað við
 mismunandi sókn
 (veiðidánartölu).

Fig. 2.14.3. HERRING.
 Yield and spawning stock
 biomass per 2 year old
 recruit at various fishing
 mortalities.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir jókst hrygningarstofninn úr um 220 þús. tonnum 1983 í um 450 þús. tonn 1988. Gert er ráð fyrir að árið 1991 hafi hrygningarstofninn verið um 400 þús. tonn sem er nánast sama tala og í úttektinni frá þeim tíma. Ennfremur er gert ráð fyrir því að hrygningarstofninn 1992 verði um 490 þús. tonn. Þar af er gert ráð fyrir að um 130 þús. tonn (25%) verði 4 ára síld (1988 árgangur) sem kemur til hrygningar í fyrsta skipti. Þetta er sýnt nánar á mynd 2.14.2 og í töflu 3.14.5 er sýnir niðurstöður stofnstærðarútreikninga með aldurs-afla aðferð á árunum 1972-1992. Tölur 3.14.2 og 3.14.3 sýna meðalþyngd og hlutfall

kynþroska og tafla 3.14.6 sýnir veiðidánarstuðla á tímabilinu 1972-1991 og mynd 2.14.1 sýnir heildarafla á árunum 1975-1991 og meðalveiðidánartölu 4 ára síldar og eldri fyrir sama tímabil.



Mynd 2.14.4. SÍLD. Spá um aldersdreifingu síldaraflans á vertíðinni 1992/93.

Fig. 2.14.4. HERRING. Prognosis of age distribution in the catch of the 1992/93 season.

Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotsstofninum eftir friðunina frá 1972 hefur sókninni oftast verið stillt mjög í hóf og í allmörg ár hefur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar miðast við svokallaða kjörsókn. Eins og sést á mynd 2.14.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð.

TAFLA 2.14.3

Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1992 á áætlaða stærð hrygningarstofnsins 1993.

Herring. Projection of spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thousand tonnes) in 1993 for different management strategies in 1992.

1992	Veiðiráðgjöf 1992		1993
Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July	F ¹⁾	Afli Catch	Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July
490	0,23 = F _k	90	590
	0,31	120	560
	0,40	150	530


1) Vegin veiðidánartala 4-14 ára. (Weighted fishing mortality of age groups 4-14 ($F_k = F_{0,1}$))

Vegið meðaltal veiðidánarstuðla 4-14 ára síldar síðastliðin 5 ár hefur verið á bilinu 0,39 til 0,26. Sá veiðidánarstuðull sem gefur kjörsókn fyrir íslensku sumargotssíldina er 0,23 (mynd 2.14.3). Af þessu má ljóst vera að sóknin hefur verið talsvert umfram kjörsókn undanfarin 5 ár. Þetta á sérstaklega við um 6-14 ára síld en sóknin í elstu árgangana hefur reynst langt umfram kjörsókn.

Síðastliðin 20 ár hefur stærð íslenska sumargotssíldarstofnsins verið mæld árlega með bergmálsaðferð. Árið 1980 tókst að mæla endurvarpsstuðul síldarinnar í Eyjafirði og Berufirði og hefur þessi stuðull verið notaður óbreyttur s.l. 12 ár. Þegar niðurstöður bergmálsælinga eru bornar saman við bakreiknaða stofnstærð með aldurs-afla aðferð kemur í ljós að stærð síldarstofnsins hefur alloft verið ofmetin með bergmálsaðferðinni. Þetta gefur til kynna að endurskoða þurfi endurvarpsstuðulinn frá 1980 miðað við þá reynslu sem smám saman hefur fengist. Stefnt er að því að sú endurskoðun fari fram síðar á þessu ári. Tölur um stofnstærð eru því settar fram hér með nokkrum fyrirvara um hugsanlegar breytingar þegar framangreindri endurskoðun er lokið.

2.14.3 Horfur og tillögur um hámarksaflla

Spá um aldursdreifingu síldaraflans á vertíðinni 1992/93 er sýnd á mynd 2.14.4 og nánari grein er gerð fyrir aldursskiptingunni ásamt meðalþyngd og meðallengd fram til 1993 í töflu 2.14.2. Þar kemur fram að sennilega mun veiðast mest af 4ra, 5 og 6 ára síld en einnig mun 1983 árgangurinn þ.e.a.s. 9 ára síld verða talsverður hluti aflans. Á vertíðinni 1993/94 er hins vegar gert ráð fyrir að mest veiðist af sterka árganginum frá 1988 þ.e.a.s. 5 ára síld. Samkvæmt smásíldarmælingum frá 1990 er þessi árgangur mjög sterkur og af svipaðri stærð og 1983 árgangurinn. Þetta fékkst staðfest við síldarrannsóknir í desember 1991. Þá ber þess að geta að 1989 árgangurinn virðist einnig mjög sterkur. Því eru tveir sterkir árgangar nú í síldarstofninum (mynd 2.14.5).




Mynd 2.14.5. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1990. Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig. 2.14.5. HERRING. Year classes 1970-1990 at age 2 (in millions).

Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotsstofninum eftir friðunina frá 1972 var sókninni lengst af stillt mjög í hóf þótt breyting hafi orðið á hin allra síðustu ár að því er varðar eldri hluta stofnsins. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hefur hins vegar yfirleitt miðast við að stofninn yrði nýttur við svokallaða kjörsókn en eins og sést á mynd 2.14.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þó sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Spá um þróun síldarstofnsins er sýnd í töflu 2.14.3. Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði 490 þús. tonn 1. júlí 1992.

Samkvæmt þessari úttekt kemur í ljós að aflinn á vertíðinni 1992/93 yrði um 90 þús. tonn ef miðað væri við kjörsókn. Hrygningarstofninn myndi stækka úr 490 þús. tonnum 1992 í um 590 þús. tonn 1993. Ef veidd væru 120 þús. tonn myndi hrygningarstofninn 1993 verða 560 þús. tonn, en 530 þús. tonn ef veidd væru 150 þús. tonn á vertíðinni 1992/93 (mynd 2.14.6).



Mynd 2.14.6. SÍLD. Stærð hrygningarstofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1993.

Fig. 2.14.6. HERRING. Spawning stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock biomass in 1993 for different management strategies.

Á undanförmum árum hafa veiðarnar byggst á fáum en sterkum árgöngum og eldri síldin hefur enst skemur í veiðinni en búist var við. Nýliðun hefur hins vegar haldist góð og samkvæmt þessari úttekt eru árgangarnir frá 1988 og 1989 báðir sterkir. Reynsla undanfarinna ára hefur ótvírætt sýnt að nýting síldarstofnsins í námunda við svokallaða kjörsókn hefur verið mjög farsæl. Gangur veiðanna á síðastliðinni vertíð sýndi einnig hvemig ekki á að nýta síldarstofn þegar sterkir árgangar eru að bætast í hann og halda sig á sömu slóðum og eldri árgangar. Það er því ekki talið ráðlegt að auka sóknina umfram kjörsókn og leggur Hafrannsóknastofnun til að síldaraflinn verði 90 þús. tonn á vertíðinni 1992/93. Ef nýliðun reynist jafn góð og nú eru horfur á mun aflinn verða 110 þús. tonn á vertíðinni 1993/94. Tillögur um leyfilegan hámarksafli fyrir vertíðina 1993/94 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.

2.15 Loðna


2.15.1 Loðnuveiðarnar 1991/92

Hafrannsóknastofnunin lagði til að loðnuveiðar hæfust ekki fyrr en að undangengnum mælingum á stærð veiðistofnsins í október og/eða nóvember og fóru stjórnvöld að þeim tilmælum. Aðalástæður þessa voru þær að mælingar á smáloðnu, sem gerðar voru sumarið og haustið 1990, bentu eindregið til þess að 1989 árgangurinn væri lélegur og næstliðnar tvær vertíðir hafði loðnugengd reynst miklu minni en smáloðnumælingar 1988 og 1989 höfðu bent til.

Í október 1991 var stærð veiðistofnsins mæld á tveimur rannsóknaskipum að undangenginni leit fjögurra veiðiskipa. Á þennan hátt var hægt að takmarka yfirferð rannsóknaskipanna talsvert og fara þéttar yfir loðnusvæðið en venjulega. Alls mældust um 655 þús. tonn af kynþroska loðnu, að miklu leyti saman við smáloðnu úti af vestanverðu Norðurlandi og norður af Vestfjörðum.

Aðstæður voru hins vegar ekki upp á það besta að því er varðaði veður og hegðun loðnunnar og var því ekki talið að fengist hefði loka niðurstaða um stærð veiðistofnsins að þessu sinni. Októbermælingin svaraði til 240 þús. tonna hámarksaflla miðað við venjulegar forsendur um náttúruleg afföll, þyngdaraukningu og hrygningu í vertíðarlok. Vertíðin hófst því undir lok októbermánaðar en smáloðnusvæðin sem áður voru nefnd voru þó áfram lokuð.

Í ljósi þeirra annmarka sem virtust á októbermælingunni var stærð veiðistofnsins mæld á nýjan leik dagana 15. til 26. nóvember 1991. Þá varð niðurstaðan tæp 845 þús. tonn af kynþroska loðnu sem svaraði til um 440 þús. tonna hámarksaflla á vertíðinni allri miðað við sömu forsendur og áður. Þessi mæling var gerð við ágætar aðstæður að öðru leyti en því að allmikill ís var í Grænlandssundi og þess vegna áhöld um það hvort náðst hefði til þess hluta stofnsins sem þar var í október. Í desember bárust svo fréttir um loðnugöngur úr Grænlandssundi inn á Hala- og Kögurgrunnssvæðin og er því ljóst að Grænlandssundsloðnan varð útundan í nóvembermælingunni.




Mynd 2.15.1. LOÐNA.
Stærð veiðistofns við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok hversrar vertíðar 1978/79-1991/92.

Fig. 2.15.1. CAPELIN.
Abundance of the fishable stock in the beginning of the 1978/79-1991/92 seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season.

Eins og á næstliðnum árum gengu veiðarnar á haustvertíðinni 1991 með afbrigðum illa. Smáloðnusvæðin úti af Norðurlandi og Vestfjörðum sem áður er getið voru lokuð fyrir veiðum til áramóta og lítið fannst af loðnu annars staðar. Það sem fannst var yfirleitt dreift og stóð djúpt eins og raunin var einnig haustið 1990. Fram að áramótum voru eingöngu íslensk skip við loðnuveiðar og varð afli þeirra aðeins 53 þús. tonn.


Á tímabilinu 3. til 24. janúar 1992 voru tvö rannsóknaskip á miðunum austan lands og norðan við loðnurannsóknir og nýjar mælingar á stærð stofnsins. Þá var syðsti hluti hrygningargöngunnar á móts við Hvalbak og hrygningarloðna um og utan við landgrunnskantinn þaðan norður og vestur um á móts við Rauðanúp. Úti af Norðurlandi og Vestfjörðum var hins vegar nær eingöngu ókynþroska smáloðna. Í janúar 1992 mældust alls 1.045 þús. tonn af kynþroska loðnu og í framhaldi af því var leyfður hámarksafli vertíðarinnar aukinn í 740 þús. tonn. Hins vegar gengu veiðar illa í janúarmánuði, enda hélt loðnan uppteknum hætti, stóð djúpt og var dreift allt þar til fyrsta gangan kom upp að Suðausturlandi seint í mánuðinum. Eftir það veiddist ágætlega þegar gaf allt fram undir miðjan mars, en gæftir á vetrarvertíðinni 1992 voru vægast sagt stirðar. Í ár virðast 2-3 aðalgöngur hafa komið af Austfjarðamiðum og hrygndi sú

loðna aðallega á Faxaflóa, Breiðafirði og úti af Vestfjörðum. Seinni göngur virtust miklu minni og hrygna að mestu grunnt við austanverða suðurströndina.



Mynd 2.15.2. LOÐNA. Heildarafl á vertíðunum 1978/79-1991/92.

Fig. 2.15.2. CAPELIN. Total landings in the 1978/79-1991/92 seasons.



Mynd 2.15.3. LOÐNA. Stærð loðnuárganganna 1976-1989. Fjöldi nýliða við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.15.3. CAPELIN. Size of the 1976-1989 year classes at age 2 (in millions).

Seint í febrúar og fyrstu tvær vikurnar í mars var leitað loðnu úti af Vestfjörðum og Breiðafirði til að kanna hvort vænta mætti gangna beint þaðan á hrygningarstöðvarnar vestanlands. Sóttist verkið seint enda var tíðarfar rysjótt og aðstæður til leitar og mælinga því erfiðar. Að tilvísun togaramanna fannst lítil loðnuganga utarlega á Látragrundi og önnur álfka stór um 15-20 sjóm. úti af Jökli. Báðar virtust þessar loðnugöngur á leið vestan að til hrygningar

á Breiðafirði eða í Faxaflóa. Þær mældust um 50 þús. tonn samanlagt.

Heildaraflinn á vertíðinni 1991/92 varð aðeins 682 þús. tonn, en ástæður þess eru fyrst og fremst hvað loðnan var dreifð og stóð djúpt á tímabilinu nóvember-janúar og lélegar gæftir á vertíðinni allri. Tafla 3.15.1 sýnir loðnuafllann á Íslands - Grænlands - Jan Mayen svæðinu frá upphafi (1964) og skiptingu hans milli veiðitímabíla og þjóða. Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningarstofns við lok vertíðanna 1978/79 - 1991/92 er sýnd á mynd 2.15.1 og loðnuafllinn á sömu vertíðum á mynd 2.15.2.

Tafla 2.15.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og loðnuaflla á Íslands - Grænlands - Jan Mayen svæðinu frá 1984. Stærð loðnuárganganna 1976-1989, miðað við 2ja ára nýliða í ágúst mánuði, er sýnd á mynd 2.15.3.

TAFLA 2.15.1
Loðna. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Capelin. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC
and landings (thous. tonnes).

Ár ¹⁾	1985/86	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/92
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	1280	1290	1115	1065	900	250	740
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	1280	1290	1115	1065	900	312	740
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	987	1053	912	921	666	284	635
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	325	380	204	116	142	27	47
Afli alls - <i>Total landings</i>	1312	1333	1116	1037	808	311	682

1) Vertíðir (júlí-mars). *Seasons (July-March).*

2.15.2 Ástand veiðistofnsins 1992/93

Á undanförunum árum hafa spár um ástand veiðistofnsins fyrst og fremst byggst á mælingum á fjölda árgamallar loðnu sem gerðar hafa verið í ágúst mánuði og samanburði þeirra við seinni tíma mælingar á stærð sömu árganga að gefnum tilteknum föstum forsendum um náttúruleg afföll, vöxt og framlag eldri árgangs. Þessi aðferð reyndist allvel í nokkur ár en á vertíðunum 1989/90 og 1990/91 varð loðnugengd hins vegar miklu minni en spáð hafði verið. Á það við um báða árganga veiðistofnsins sem kemur á óvart miðað við það líkan sem notað var. Á vertíðinni 1991/92 brá hins vegar svo við að miklu meira reyndist af yngri árgangi veiðistofnsins (árgangi 1989) en fyrirfram hafði verið gert ráð fyrir. Hefur breytilegum umhverfisaðstæðum verið kennt um þessi frávik og er það vafalítið rétt svo langt sem það nær. En á hitt er að líta að einhverra hluta vegna mældist lítið af árgamalli loðnu af 1989 árganginum bæði sumarið og haustið 1990 og er svo að sjá að ekki hafi náðst til hans nema að hluta.

Í ljósi hinnar slæmu reynslu undanfarinna ára hefur verið farið yfir öll gögn sem til eru um stærð loðnuárganga á hinum ýmsu aldursskeiðum. Árangur þessara athugana er nýtt spálíkan sem lýsir í aðalatriðum þróun veiðistofnsins frá hrúninu í byrjun nýfunda áratugarins fram að vertíðinni 1991/92, en árið áður tókst af einhverjum ástæðum ekki að mæla stærð aðalárgangs þeirrar vertíðar eins og að framan greinir. Í nýja spálíkaninu er gengið út frá haustmælingum á fjölda eins og tveggja ára loðnu, bæði til að reikna stærð yngri og eldri árgangs veiðistofns næsta árs. Er þá höfð hliðsjón af reynslu fyrri ára um kynþroskahlutfall sem komið hefur í ljós að er verulega háð stærð hvers árgangs. Forsendur um meðalþyngd árganga og náttúruleg afföll eru óbreyttar.

TAFLA 2.15.2
Loðna. Spá um stærð veiðistofnsins 1. ágúst 1992
í fjölda og þyngd eftir aldri.
Capelin. Predicted fishable stock abundance August 1st 1992
by number and weight at age.

Árgangur <i>Year class</i>	Fjöldi í milljörðum <i>Number in billions</i>	Þyngd í þús. tonnum <i>Weight in thous. tonnes</i>
1990	53.6	911
1989	19.5	478
Samtals <i>Total</i>	73.1	1389

Næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á hinum kynþroska hluta árgangsins frá 1990, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 1989 sem ekki hrygndi vorið 1992. Samkvæmt nýja spálfkaninu, sem byggist á haustmælingum frá 1991 á fjölda fiska af þessum árgöngum, mun stærð veiðistofnsins við upphaf vertíðar miðað við 1. ágúst 1992 verða um 1.4 milljónir tonna. Skipting veiðistofnsins í fjölda og þyngd eftir aldri er sýnd í töflu 2.15.2.

2.15.3 Hámarksafli á vertíðinni 1992/93

Miðað við 1.4 milljón tonna veiðistofn í vertíðarbyrjun og sömu forsendur og áður um náttúruleg afföll ($M = 0.035/\text{mánuði}$) og hrygningu í lok vertíðar (400 þús. tonn) mun loðnuaflinn á vertíðinni geta orðið a.m.k. 750-800 þús. tonn alls.

Enda þótt nýja líkanið spái jafnan heldur minni loðnugengd en raunin hefur orðið er á því sú undantekning að á vertíðinni 1989/90 varð loðnugengd talsvert minni en gera má ráð fyrir ef líkanið hefði þá verið notað. Þess vegna er lagt til að hámarksafli á vertíðinni 1992/93 verði ákveðinn 500 þús. tonn þar til stærð veiðistofnsins hefur verið mæld haustið 1992 og/eða veturinn 1993.


2.15.4 Hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1993

Eins og endranær er lítið hægt að segja um ástand veiðistofnsins 1993/94. Veiðarnar munu væntanlega byggjast að miklu leyti á 1991 árganginum. Mjög mikið var af loðnuseiðum í ágúst 1991, þau allvel á sig komin og má því að öðru jöfnu vænta góðrar nýliðunar 2ja ára loðnu sumarið 1993. Reynslan hefur hins vegar sýnt að talning á loðnuseiðum hefur lítið spágildi, en fyrstu marktæku upplýsingarnar um stærð 1991 árgangsins fást ekki fyrir en sumarið og haustið 1992.

2.16 Kolmunni

2.16.1 Veiðarnar

Á árunum 1970-1975 voru kolmunnaveiðar í NA-Atlantshafi á tilraunastigi og aflinn á þessum árum náði aldrei 100 þús. tonnum. Eftir það jókst aflinn mjög ört og náði hámarki 1979 og 1980, eða um 1.1 milljón tonna. Næstu árin minnkaði aflinn aftur og frá 1982 hefur hann verið á bilinu 520 til 790 þús. tonn. Árið 1990 veiddust um 529 þús. tonn.



Mynd 2.16.1. KOLMUNNI. Heildarafl í NA-Atlantshafi árin 1977-1991 og meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 2.16.1. BLUE WHITING. Total landings 1977-1991 from the NE-Atlantic Ocean (upper line) and F_{4-8} during the same period.

Á undanförmum árum hafa þær kolmunnagöngur sem haldið hafa norður í ætisleit á svæðið milli Íslands og Noregs (Austurdjúpi) stöðugt farið minnkandi, bæði í heild og sem hlutfall af stofnstærð. Veiðarnar í Austurdjúpi hafa því hrunið úr 675 þús. tonnum eða 66% af heildarveiðinni að jafnaði árin 1979-1981 í aðeins 2 þús. tonn (0.5%) árið 1990.

Kolmunnaaflinn frá 1977 er sýndur á mynd 2.16.1 og frá 1970 í töflu 3.16.1.

2.16.2 Aldursskipting í afla 1990

Sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 eru að mestu horfnir úr aflanum og voru aðeins um 8% af fjölda landaðra fiska árið 1990. Þá var sterki árgangurinn frá 1989 ennþá langmest áberandi í aflanum (29%). Árgangarnir frá 1984-1988 voru um 10-15% hver af fjölda landaðra fiska og 7 ára fiskur (árg. 1983) og eldri aðeins um 10% af fjölda fiska í afla.

2.16.3 Stofnstærð


Kolmunnavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins gerði úttekt á kolmunnastofninum í september 1991. Þessi úttekt sem gerð var með aldurs-afla aðferð benti til þess að hrygningarstofninn væri um 50% minni en áður var talið. Þá hafa bergmálmælingar einnig sýnt að gengið hefur á hrygningarstofninn á seinni árum en benda þó til þess að hann sé stærri en nýja aldurs-afla úttektin gaf til kynna (tafla 2.16.1).

Eins og sést á mynd 2.16.2 fór hrygningarstofninn minnkandi frá 1979 til 1984 og heildarstofninn frá 1979 til 1982. Þegar sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 bættust í stofninn

stækkaði hann nokkuð aftur en frá 1986 hafa veiði- og hrygningarstofn haldist svipaðir. Veiðistofninn mun svo væntanlega vaxa mikið árið 1993 þegar hinn stóri árgangur frá 1989 kemur í gagnið.

TAFLA 2.16.1
Kolmunni. Hrygningarstofn (milljónir tonna).
Blue whiting. Spawning stock (in millions of tonnes)

Ár Year	Bergmálmæling Acoustic survey	Aldurs-afla aðferð (VPA)	
		1990	1991
1988	6.8	4.3	2.3
1989	6.1	4.8	2.3
1990	5.7	5.1	2.5
1991	4.4	5.3	2.5




Mynd 2.16.2. KOLMUNNI. Stærð veiði- og hrygningarstofns (fjögurra ára og eldri) árin 1977-1991 í milljónum tonna.

Fig. 2.16.2. BLUE WHITING. Fishable stock and spawning stock biomass (4+) during the period 1977-1991 (million tonnes).

Stærð veiði- og hrygningarstofns á árunum 1977-1991 er sýnd á mynd 2.16.2 og stærð seiðaárganganna 1970-1990 er sýnd á mynd 2.16.3.

Meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna var mjög lág eða innan við 0,1 á árunum 1970-1977. Eftir það jókst veiðidánartalan ört fram til 1981 (mynd 2.16.1) og hefur síðan verið á bilinu 0,21-0,49 (meðaltal = 0,34). Þetta er nokkru meira en kjörsókn sem er 0,22. Hafa ber í huga að allir útreikningar á afrakstri á nýliða og kjörsókn í kolmunnastofninn eru viðkvæmir fyrir breytilegri sókn í yngri árgangana þar sem þyngdaraukning er mjög mikil fyrstu 2-3 árin.



Mynd 2.16.3. KOLMUNNI. Stærð seiðaárganga 1970-1990 í milljónum.

Fig. 2.16.3. BLUE WHITING. Year classes 1970-1990 at age 0 (in millions).

2.16.4 Horfur og tillögur um hámarksafla

Spá um afla og stofnstærð fyrir árið 1992 er sýnd í töflu 2.16.2.

TAFLA 2.16.2
Kolmunni. Áhrif mismunandi sóknar á aflahámark 1992 (milljónir tonna).
Blue whiting. The influence of various fishing mortalities on TAC for 1992 (million tonnes).

1991				Veidiráðgjöf 1992 F_{92}	1992		
Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn- stofn <i>Spawn. stock</i>	$F^{1)}$	Afli <i>Catch</i>		Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn- stofn <i>Spawn. stock</i>	Afli <i>Catch</i>
4.3	2.5	0.16	0.3	0.26 = F_{90} 0.16 = F_{91} 0.22 = F_k	4.8	3.1	0.57 0.37 0.49


1) F = Veididánartala 4-8 ára kolmunna. F = Fishing mortality of age groups 4-8.

Gert er ráð fyrir að meðalnýliðun 1990-1992 sé 14.8 milljarðar en að 1989 árgangurinn, sem talinn er stór verði 25.7 milljarðar nýliða (meðaltal stóru árganganna frá 1982 og 1983). Ennfremur er gert ráð fyrir að sóknin 1991 hafi numið sem svarar $F = 0,16$. Með sömu sókn 1992 yrði aflinn um 370 þús. tonn, en ef sóknin yrði sú sama og 1990 ($F = 0,26$) myndi aflinn hins vegar verða um 570 þús. tonn. Kjörsókn ($F = 0,22$) gæfi tæplega 500 þús. tonna aflu. Í öllum tilvikum stækkar stofninn nokkuð og mælti vinnunefndin með því að kolmunnaaflinn 1992 yrði um 500 þús. tonn eða sem svarar til kjörsóknar ($F = 0,22$).

2.17 Humar

2.17.1 Veiðarnar 1991 og 1992

Á árinu 1991 var úthlutað um 2.100 tonnum af humri til 67 báta en alls veiddust um 2.160 tonn. Til samanburðar veiddust aðeins 1.692 tonn árið 1990. Afli á togtíma jókst einnig í 42 kg árið 1991 en var 40 kg árið áður. Humarveiðar voru stundaðar frá 14. maí til 14. ágúst og voru gæftir með besta móti á þessu tímabili. Humaraffli og veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar á mynd 2.17.1 og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.17.1.



Mynd 2.17.1. HUMAR. Heildaraffli árin 1971-1991 og meðalveiðidánartala 6-13 ára humars sama tímabil.


Fig. 2.17.1. NEPHROPS. Landings 1971-1991 (upper line) and F_{6-13} during the same period.

Á Suðvesturmiðum (Miðnessjór-Selvogsleir) jókst humarafflinn verulega eða úr 215 tonnum 1990 í um 370 tonn 1991. Afli á togtíma jókst einnig úr 29 kg í 35 kg á sama tíma. Þessi aukning á einkum rætur að rekja til veiða á svæðum við Eldey en aflabrögð voru áfram léleg á svæðunum undan Selvogi og Krísuvíkurbergi. Auk hefðbundinna togveiða voru stundaðar smávegis tilraunaveiðar á humri með gildrum og nam veiðin um 10 tonnum. Alls voru því veidd um 380 tonn af humri á Suðvesturmiðum árið 1991.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar jókst aflinn úr 300 tonnum 1990 í um 365 tonn 1991. Afli á togtíma hélst þó áfram lágur eða aðeins 29 kg eins og árið áður. Þrátt fyrir mjög léleg aflabrögð á þessu svæði komu fram nokkrar vísbendingar um betri nýliðun en hún hefur verið með fádæmum léleg á vestursvæðunum undanfarin ár.

Eftir mikla lægð í humarveiðum á Suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) árin 1988-1989, jókst humarafflinn verulega árið 1990 vegna batnandi nýliðunar. Framhald varð á þessari þróun árið 1991 en þá veiddust um 1.425 tonn miðað við 1.150 tonn árið áður. Afli á togtíma jókst að sama skapi úr 48 kg í 51 kg 1991. Frá 1989 hefur afli á miðum undan Suðausturlandi aukist um 75% og afli á sóknareiningu um 35%, sem einkum á rætur að rekja til nýliðunar sterkra árganga frá 1984-1985. Af sömu ástæðu var landaður humar smár árin 1990-1991.

Skipting humarafflans eftir svæðum á árunum 1970-1991 er sýnd í töflu 3.17.2 og eftir áætluðum aldri árin 1971-1991 í töflu 3.17.3.



Mynd 2.17.2. HUMAR. Spá um aldurs/lengdarskiptingu aflans á humarvertíðinni 1991 borin saman við aldurs/lengdarskiptingu aflans að vertíð lokinni.

Fig. 2.17.2. NEPHROPS. Prognosis of age/length distribution of the 1991 catch and the actual age/length of the catch.

Á mynd 2.17.2 má sjá spá, sem gerð var fyrir humarvertíðina 1991 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) og til samanburðar aflann að vertíð lokinni. Hlutdeild 7-8 ára humars varð nokkru meiri en gert var ráð fyrir, en heldur minna veiddist af 5-6 ára humri. Vegna þess að aldur humars er áætlaður út frá stærð gætu þessar niðurstöður bent til þess að vaxtarskilyrði hafi verið yfir meðallagi 1990-1991.

Humarvertíðin 1992 hófst 21. maí og var alls úthlutað 2.100 tonnum til 65 báta. Eins og fram kemur á mynd 2.17.6 er gert ráð fyrir hárrí hlutdeild 7-8 ára humars í aflanum 1992 vegna sterkra árganga frá 1984-1985. Hlutfall stórhumars verður því áfram lágt á vertíðinni 1992.

TAFLA 2.17.1
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).


Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC	2.3	2.5	2.7	2.6	2.1	2.1	2.1	2.1
Heildaraflamark - National TAC	2.4	2.5	2.8	2.6	2.1	2.0	2.1	2.1
Afli alls - Total landings	2.4	2.6	2.7	2.2	1.9	1.7	2.2	-

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August

Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og humarafla síðan 1985.


2.17.2. Ástand stofnsins

Afli á togtíma var yfirleitt góður á vertíðunum 1980-1987 (tafla 3.17.2), fyrst vegna sterkra árganga, sem álitíð er að séu frá árunum 1970-1973, en síðari árin (1985-1987) vegna hárrar hlutdeildar í afla úr árgöngum frá tímabilinu 1976-1979. Síðasttöldu árgangarnir komu sérstaklega vel fram í veiðunum 1985-1987, m.a. vegna óvenju góðra skilyrða til veiða á þessum árum.



Mynd 2.17.3. HUMAR. Stærð humarárganganna 1964-1987. Fjöldi við áætlaðan 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.17.3. NEPHROPS. Year classes 1964-1987 at estimated age 5 (in millions).



Mynd 2.17.4. HUMAR. Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) árin 1971-1992.

Fig. 2.17.4. NEPHROPS. Fishable stock (6+) and large category (10+) biomass during the period 1971-1992.


Árið 1988 minnkaði bæði afli og afli á togtíma verulega, mest á Suðausturmiðum, sem leiddi til stóraukins sóknarþunga á önnur mið, einkum þó frá Vestmannaeyjum að Selvogsbanka. Þetta varð m.a. til þess að afli og afli á togtíma minnkaði enn frekar á svæðum undan Suðvesturlandi árin 1989-1990.

Ástæður fyrir samdrætti í humarveiðunum árin 1988-1990 eru taldar nokkrar. Í fyrsta lagi var veiðin með mesta móti á Suðausturmiðum 1986-1987 og við Vestmannaeyjar og Reykjanes 1988, þannig að skarð var höggvið í eldri árganga stofnsins. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að árgangar áætlaðir frá 1980-1982 virðast sérstaklega slakir (mynd 2.17.3) sem hefur óhjákvæmilega leitt til lægðar í veiðistofni undir lok áratugarins (mynd 2.17.4).

Yngri árgangar, sem áætlaðir eru frá 1984-1985 og fyrst komu fram í lönduðum afla 1989-1990, virðast hins vegar mun sterkari en þeir fyrrnefndu. Árin 1989-1990 jókst hlutdeild þeirra í aflanum þó langmest á austustu veiðisvæðunum, en næsta lítið á Suðvesturmiðum, sem varð til þess að árið 1990 jókst afli á togtíma einungis við Suðausturland. Þessi þróun hélt áfram árið 1991 auk þess sem afli á togtíma fór jafnframt vaxandi á Suðvesturmiðum (tafla 3.17.2). Nokkrar líkur eru því taldar á betri nýliðun undan Suðvesturlandi 1992 miðað við undanfarin ár.

2.17.3. Horfur og tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 1992/93

Veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar í töflu 3.17.5 og mynd 2.17.1. Eins og áður, hefur verið stefnt að því að takmarka humarafla við sem næst kjörsókn í stofninn (mynd 2.17.5). Í stórum dráttum hefur þetta gengið eftir síðan 1978 utan þess að stofninn var ofmetinn 1986 vegna óvenju góðra skilyrða til veiða. Í kjölfar þess fór sóknin verulega upp fyrir kjörsókn, einkum árið 1987, enda þótt hún næði ekki hámarki áttunda áratugarins.



Mynd 2.17.5. HUMAR. Afrakstur á þriggja ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.17.5. NEPHROPS. Yield per 3 year old recruit at different fishing mortalities.


Með því að stilla sókninni í hóf hefur heildaraflinn orðið stöðugri og afli á sóknareiningu aukist verulega síðan 1980. Undanskilin eru þó árin 1988-1990, þegar veiðistofninn (6 ára humar og eldri) var í lægð vegna mjög slakra árganga frá tímabilinu 1980-1982 og mikilla veiða við Suðausturland 1986-1987 og Suðvesturland 1988 (mynd 2.17.4 og tafla 3.17.4).

Árin 1989-1991 hefur smærri humars gætt í auknum mæli á Suðausturmiðum vegna sterkra árganga frá 1984-1985 og því jókst bæði afli og afli á togtíma að sama skapi um 75% og 35% þessi ár. Það hefur þó valdið vissum áhyggjum að framangreindur bati varð ekki á miðunum fyrir Suðvesturlandi þar til árið 1991 að góð teikn voru á lofti um betri nýliðun á þeim svæðum einnig.

Spá um aldursdreifingu humars í aflanum 1992 og 1993 (mynd 2.17.6), sem gerð var áður en humarvertíð hófst 1992, gerir þó ráð fyrir því að hlutdeild yngri humars muni einnig fara vaxandi á miðum fyrir Suðvesturlandi vegna aukinnar nýliðunar.


Í framreikningum á stofnstærð til 1995, sem sýndir eru í töflu 2.17.2 og á mynd 2.17.7, er gert ráð fyrir að nýir árgangar sem bætast í veiðistofninn á þessu tímabili verði af meðalstærð og meðalþyngd eftir aldri verði eins og sýnt er í töflu 3.17.6. Niðurstöður byggjast þess vegna

verulega á því að núverandi mat á stærð árganganna frá 1984-1985 gangi eftir.



Mynd 2.17.6. HUMAR. Spá um aldersdreifingu í aflanum 1992 og 1993.

Fig. 2.17.6. NEPHROPS. Prognosis of age distribution of the 1992 and 1993 catches.



Mynd 2.17.7. HUMAR. Stærð humarstofnsins árin 1980-1993 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1994-1995.

Fig. 2.17.7. NEPHROPS. Stock size (thous. tonnes) 1980-1993 and projection of stock biomass in 1994-1995 for different management strategies.

Af þessu leiðir að verði afli 1993 miðaður við kjörsókn ($F_k = 0,21$), mun veiðistofninn vaxa dálftið árin 1994-1995. Þetta hefði í för með sér rúmlega 2.300 tonna veiði árið 1993, eða sem svarar 2.200 tonnum af lönduðum afla. Auk þess fæst jafnan nokkuð af humarhrygnum með lina skel ("gúmmíkrabba"), sem ekki eru hirtar.

Væri hins vegar landað 2.800 tonnum árið 1993, sem er svipað og afli hefur orðið mestur undanfarin 10 ár, færi veiðistofninn ört minnkandi og veiðidánarstuðlar myndu hækka verulega.

TAFLA 2.17.2
Humar. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð veiðistofnsins (tonn)
árin 1994-1995.

Nephrops. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 1994-1995 for different management strategies.

1992				1993		1994		1995
Stofn 6+	F ¹⁾	Afli	Aflahámark 1993-1994 TAC 1993-1994	Stofn 6+	F ¹⁾	Stofn 6+	F ¹⁾	
<i>Stock 6+</i>		<i>Catch</i>		<i>Stock 6+</i>		<i>Stock 6+</i>		
14.000	0,21	2.100 ²⁾	F _k ³⁾ = 2.200 2.800	14.400	0,21 0,28	14.800 14.100	0,21 0,29	15.100 13.800

1) F = Veiðidánartala 6-13 ára. F = Fishing mortality of estimated age groups 6-13.


2) Áætlaður ársafli 1992. Estimated landings 1992.

3) F_k = F_{0.1}

Með hliðsjón af þessu leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafli verði takmarkaður við 2.200 tonn fiskveiðiárið 1992/93. Með því móti nýtast væntanlega 1984-1985 árgangarnir að nokkru til aukningar á stærri og verðmætari humri í stofninum enda þótt hlutfall stórhumars verði áfram lágt.

2.18. Rækja

2.18.1 Veiðarnar 1991-1992



Mynd 2.18.1. RÆKJA. Heildarrækjuafli 1964-1991 (heila línan). Slitna línan merkir afli á djúpslóð.

Fig. 2.18.1. PANDALUS. Landings at Iceland 1964-1991 (solid line) by years. The broken line represents landings from offshore areas.

Rækjuafli á grunnslóð jókst árið 1991 og varð um 6.900 tonn. Síðan árið 1988 hefur afli á grunnslóð aukist um rúm 3.100 tonn (tafla 3.18.1). Þessi aukna veiði er einkum til komin vegna

vaxandi stofnstærðar sem rekja má til hins sterka árgangs frá 1987 og notkun leggpoka á grunnslóð frá 1989. Einnig hefur ungborski fækkað og er því afrán þorsks á rækju minna en áður. Nýja svæðið á Skjálfanda þar sem veiðar hófust árið 1990 og aukin rækja á gömlu svæðunum við Eldey og í Öxarfirði hefur einnig valdið talsverðri aukningu á rækjuafli á grunnslóð. Afli á fiskveiðiárinu 1991/92 er hins vegar lítið frábrugðinn því sem var 1990/91 (tafla 2.18.2). Almennt lítur vel út um rækjuveiðar á grunnslóð á næsta veiðitímabili.

Rækjuafli á djúpslóð jókst mjög árið 1991, þ.e. úr um 25 þús. tonnum árið 1990 í rúm 31 þús. tonn. Mjög mikil aukning varð á nýjum miðum norðvestur af Vestfjörðum sem hér verða kölluð Vesturkantur. Árið 1991 voru veidd rúm 800 tonn á þessu svæði miðað við um 50 tonn árið 1990. Alls var 246 skipum úthlutað aflakvóta fyrir árið 1991, en 123 skip stunduðu veiðarnar.

Heildaraflinn varð rúm 38 þús. tonn árið 1991 en var tæp 30 þús. tonn árið 1990 (mynd 2.18.1) Tafla 3.18.1 sýnir heildarafla eftir svæðum árin 1985-1991.

2.18.2 Ástand rækju á grunnslóð 1991-1992 og tillögur um hámarksafli á fiskveiðiárinu 1992/93

Rækjustofninn við Eldey er nú í örum vexti eftir hrúnið 1988. Veidd voru 350 tonn á svæðinu árið 1991 og lagt hefur verið til að afli verði 800 tonn árið 1992, sem svarar til fiskveiðiársins 1991/92 þar sem þetta eru sumarveiðar.

Í norðurfjörðum **Breiðafjarðar** hefur verið lítils háttar veiði undanfarin ár. Árið 1991 var hins vegar lítið veitt á svæðinu vegna smárækju. Ekki er mælt með neinum veiðum þar 1992/93. Hins vegar hefur afli á sunnanverðum Breiðafirði aukist verulega frá árinu 1988 en þá var lægð í rækjuveiðum á þeim svæðum. Árið 1990 fengust um 2.460 tonn af rækju í Kolluál en árið 1991 fór afliinn þar niður í rúm 1.700 tonn. Ekki eru gerðar tillögur um hámarksafli á Breiðafirði en mælt er með að þar verði aðeins leyfðar veiðar á tímabilinu maí-júní 1993 eins og verið hefur.

TAFLA 2.18.1

Eldeyjarrækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflagámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn). *Pandalus at Eldey. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).*

Ár	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾
Tillaga-Recommended TAC	1.5	1.0	-	-	-	0.4	0.8
Heildaraflamark-National TAC	1.7	1.0	-	-	-	0.4	-
Afli-Landings	1.7	0.6	-	-	-	0.2	-


1) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

Í **Arnarfirði** fór rækjustofninn vaxandi frá vertíðinni 1985/86. Afli á sóknareiningu náði hámarki veturinn 1989/90 en gömlu, sterku árgangarnir frá 1984 og 1985 voru þá enn áberandi auk 1987 árgangsins. Veturinn 1991/92 var 1987 árgangurinn mjög áberandi auk þess sem sterkur árgangur frá 1990 er í uppvexti. Veiðin 1992/93 mun því einkum byggjast á tveggja og fimm ára rækju. Lagt er til að hámarksafli í Arnarfirði fiskveiðiárið 1992/93 fari ekki yfir 600 tonn.

Í **Ísafjarðardjúpi** fór veiðstofn rækju vaxandi frá vertíðinni 1988/89 vegna sterka árgangsins frá 1987. Auk árgangsins frá 1988 var þessi árgangur enn áberandi í veiðinni veturinn 1991/92. Jafnframt er sterkur árgangur tveggja ára rækju í uppvexti í Ísafjarðardjúpi. Tveggja, fjögurra og

fimm ára rækja munu því bera uppi veiðina veturinn 1992/93, þ.e. árgangarnir frá 1987, 1988 og 1990. Lagt er til að hámarksafli í Ísafjarðardjúpi verði 2.500 tonn fiskveiðiárið 1992/93.

Rækjustofninn í Húnaflóa virðist vera í jafnvægi. Veiðarnar gengu vel veturinn 1991/92 og varð aflinn um 2.100 tonn. Þrír árgangar munu bera uppi veiðina veturinn 1992/93, þ.e. þriggja, fjögurra og fimm ára rækja. Yngri árgangar virðast undir meðallagi. Lagt er til að hámarksafli verði 2.000 tonn fiskveiðiárið 1992/93. Mynd 2.18.2 sýnir afla á sóknareiningu árin 1967-1991 á nokkrum helstu rækjusvæðum á grunnslóð.



Mynd 2.18.2. RÆKJA. Afli á sóknareiningu á grunnslóð 1967-1991.

Fig. 2.18.2. PANDALUS. CPUE in inshore waters 1967-1991.

Í Skagafirði voru veidd um 500 tonn veturinn 1991/92. Afli á sóknareiningu hefur farið vaxandi frá því veiðar hófust þar að nýju haustið 1988 og fengust 844 kg/klst að meðaltali vertíðina 1991/92. Þriggja, fjögurra og fimm ára rækja mun bera uppi veiðina næsta vetur. Lagt er til að leyft verði að veiða 600 tonn af rækju í Skagafirði fiskveiðiárið 1992/93.

Veiðar á Skjálfanda hófust árið 1990 er veidd voru 125 tonn af rækju þar, en veturinn 1991/92 voru veidd 310 tonn á Skjálfanda. Lítil reynsla er af rækjuveiðum á þessu svæði og því óljóst um framtíð þeirra, en með hliðsjón af gangi mála á síðustu vertíð er lagt til að leyft verði að veiða 300 tonn af rækju á Skjálfanda fiskveiðiárið 1992/93.

Í Öxarfirði voru veidd um 500 tonn á vertíðinni 1991/92 og var afli á togtíma 566 kg/klst. eða jafn mikill og gerðist þegar stofninn var stærstur á árunum 1976-1979. Árgangurinn frá 1989 mun að líkindum verða mest áberandi í aflanum á næstu vertíð, þ.e. þriggja ára rækja. Lagt er til að hámarksafli í Öxarfirði fiskveiðiárið 1992/93 verði 500 tonn.

Meðalstærð rækju á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.18.3. Smæsta rækjan er yfirleitt innfjarða. Þó eru áraskipti í meðalstærðinni og breytist hún eftir styrk hinna ýmsu árganga sem getur verið mismunandi eftir svæðum.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og rækjuafli á Eldeyjarsvæðinu og innfjarða síðan 1985/86 eru sýndar í töflum 2.18.1 og 2.18.2

TAFLA 2.18.2

Rækja innfjarða. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (þús. tonn).
Inshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1985/86	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/92 ¹⁾
Tillaga-Recommended TAC	4.7	1.9	3.4	3.5	4.2	6.4	6.5
Heildaraflamark-National TAC	4.7	2.0	3.8	3.8	4.5	6.5	6.5
Afli-Landings	4.7	2.0	3.8	3.8	4.5	6.6	6.5

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

Tillögur um hámarksafla á rækju á grunnslóð fiskveiðiárið 1992/93 eru sýndar í töflu 2.18.3. Ráðgert er að kanna innfjarðasvæðin áður en vertíðin 1992/93 hefst. Að þeim loknum verða tillögur um hámarksafla endurskoðaðar ef niðurstöður gefa tilefni til.

TAFLA 2.18.3

Rækja. Tillögur um aflahámark (tonn)
Pandalus. Recommended TAC (tonnes)


Svæði Area	Fiskveiðiárið 1992/93 Quota year 1992/93
Eldey	800
Arnarfjörður	600
Ísafjarðardjúp	2.500
Húnaflói	2.000
Skagafjörður	600
Skjálfandi	300
Öxarfjörður	500

2.18.3 Ástand úthafsækju 1991 og tillögur um hámarksafla á fiskveiðiarinu 1992/93

Úthafsækjuveiðar hér við land hófust um miðjan 8. áratuginn en fram til ársins 1983 var úthafsækjuafllinn aðeins brot af heildarrækjuveiðinni (mynd 2.18.1). Veruleg umskipti urðu á árinu 1984 þegar úthafsækjuafllinn varð rúm 16.500 tonn. Árið 1986 komst aflinn í 30 þús. tonn og náði svo hámarki 1987 þegar veiddust tæp 35 þús. tonn. Á árunum 1988 og 1989 minnkaði úthafsækjuafllinn mikið en hefur síðan farið vaxandi og varð rúm 31 þús. tonn árið 1991 (tafla 3.18.1).

Rækjuveiðar á miðunum frá Norðurkanti að Grímsey hófust upp úr 1970. Veiðin var þó fremur lítil framan af en komst í rúm 6 þús. tonn árið 1983. Síðan fór aflinn hraðvaxandi til 1987 er tæp 25 þús. tonn fengust á miðunum Norðurkantur-Grímsey. Á árunum 1988-1990 minnkaði rækjuafli verulega á þessu svæði en jókst í rúm 26 þús. tonn árið 1991 (töflur 3.18.1 og 3.18.2).

Afli á sóknareiningu, sem talinn er vísbending um ástand stofna, var um og yfir 150 kg/klst. á Norðurmiðum þegar veiðar hófust en minnkaði síðan mjög ört (mynd 2.18.3). Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á stærð hinna hefðbundnu veiðisvæða, þ.e. Norðurkantur-Grímsey á síðustu árum. Afli á sóknareiningu fór minnkandi úr 93 kg/klst 1985 í 66 kg 1988 og hefur aldrei orðið minni. Síðan hefur afli á sóknareiningu farið vaxandi úr 68 kg/klst. 1989 í 83 kg árið 1990 og 87 kg árið 1991 (tafla 3.18.2).



Mynd 2.18.3. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (A/S) á helstu úthafsækjussvæðunum 1974-1991.

Fig. 2.18.3. PANDALUS. CPUE in offshore areas 1974-1991.

TAFLA 2.18.4
 Úthafsækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
 Offshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC ²⁾	-	-	30.0	30.0	20.0	22.0	28.0	35.0
Heildaraflamark - National TAC ²⁾	-	-	33.4	30.0	20.9	24.6	-	35.0
Afli - Landings ³⁾	17.2	30.4	34.7	25.9	22.2	24.6	31.4	-

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

2) Án Dohrbanka. Excluding Dohrbank area.

3) Með Dohrbanka. Including Dohrbank area.

Rækjuveiðar norðaustanlands á svæðunum frá Sléttugrunni að Héraðsdjúpi hófust í smáum stíl árið 1984. Þá voru veidd tæplega 1.900 tonn á þessum miðum og fékkst nær allur aflinn í Héraðsdjúpi. Gífurleg aukning varð síðan á veiðum þarna og árið 1986 fór aflinn upp í rúm 10 þús. tonn. Þetta orsakaðist bæði af auknum afla í Héraðsdjúpi en sérstaklega vegna veiða á nýjum miðum úti af Sléttu og Langanesi. Um 2/3 hlutar aukins afla á djúpslóð árið 1986 fengust á þessum nýju miðum. Árið 1987 minnkaði rækjuafli í rúm 7 þús. tonn á svæðinu frá Sléttugrunni að Héraðsflóa. Sóknin minnkaði um meira en helming á árinu 1988 og enn meira árið 1989 þegar aflinn varð einungis 1.000 tonn. Á árinu 1990 varð aflinn rúm 2.200 tonn en aftur á móti aðeins um 1.600 tonn árið 1991 (tafla 3.18.1). Árin 1986 til 1988 fór afli á sóknareiningu minnkandi á Norðausturmiðum úr 131 kg/klst. í 84 kg/klst. Afli á togtíma jókst í 101 kg/klst. árið 1989 og varð 102 kg/klst. árið 1991 (mynd 2.18.3 og tafla 3.18.2).

Á Tangaflaksmiðum (þar með talið Rauða torgið) jókst afli á sóknareiningu úr 60 kg/klst. árið 1989 í 97 kg/klst árið 1990 og 111 kg árið 1991. Heildarafli á þessu svæði var svipaður árin 1989 og 1991, en var mjög lítil árið 1990.

Í Kolluál hefur afli á sóknareiningu aukist stöðugt frá 38 kg/klst. árið 1988 í 117 kg/klst. árið 1991 (tafla 3.18.2). Afli jókst að sama skapi og varð tæp 2.500 tonn árið 1990 en minnkaði síðan

niður í rúm 1.700 tonn árið 1991.

Við **Dohrnbanka** fæst enn stærsta rækjan. Þar hefur rækja þó farið smækkandi á síðastliðnum tveimur árum úr 60-70 stk/kg í rúm 100 stk/kg. Talið er að meiri hluti Dohrnbankastofnsins liggi vestan við miðlínu milli Íslands og Grænlands. Afli á sóknareiningu hjá skipum hinna ýmsu þjóða er stunda veiðar úr þessum stofni benda einnig til þess að hann hafi látið talsvert á sjá seinustu tvö árin. Árið 1991 var rækjuafli Íslendinga á Dohrnbankasvæðinu mjög stopull enda þótt meira veiddist samtals heldur en árið 1990. Afli á togtíma var hins vegar góður (197 kg/klst.) þegar rækja fékkst á hinum íslenska hluta svæðisins.

Athuganir á lengdardreifingu úthafs-rækju árið 1991 bentu til þess að nýliðun hefði enn orðið góð þriðja árið í röð, einkum við Grímsey og Sléttugrunn. Á Norðurkanti, sem er mikilvægasta úthafs-rækjusræðið, voru árgangarnir frá 1987 og 1988 mest áberandi og standa þeir að miklu leyti undir mesta afla sem fengist hefur á Norðurkanti til þessa (um 10.500 tonn).

Eins og vanalega var smæsta rækjan við Grímsey. Að loknum tilraunum með leggpoka annars vegar og stækkun möskva í belg hins vegar var lagt til að eftir 1. ágúst 1991 yrðu rækjuveiðar milli 14° og 18° v. lg. aðeins leyfðar með leggpoka til þess að sleppa eins og tveggja ára rækju í gegnum veiðarfærið.

Stofnmæling úthafs-rækju var gerð í fyrsta sinn sumarið 1987 og hefur síðan farið fram árlega á sama hátt með þeirri undantekningu að frá og með árinu 1988 nær stofnmælingin til nokkru stærra svæðis eða allra úthafs-rækjumiðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Niðurstöður stofnmælinganna benda til mikillar aukningar úthafs-rækju á því tímabili sem þær spanna.

Afli á sóknareiningu er einnig vísbending um stofnstærð og bendir sömuleiðis til þess að síðan 1990 hafi úthafs-rækja enn aukist en ekki jafn mikið og stofnstærðarmælingar gefa til kynna. Talið er að minnkandi þorskgengd og vaxandi nýliðun rækju (sterku árgangarnir frá 1987 og 1988) hafi til þessa einkum stuðlað að aukinni rækju á djúpmiðum. Árgangurinn frá 1989 virðist einnig nokkuð sterkur og er því gert ráð fyrir að ástand úthafs-rækjustofna haldist gott á næstunni.


Það er nýmæli í rækjurannsóknunum að þróað hefur verið líkan sem lýsir áhrifum veiða og nýliðunar rækju og mismunadi þorskgengdar á stærð rækjustofna á svæðinu Norðurkantur-Grímsey síðastliðin 14 ár en þar veiddist mestur hluti úthafs-rækjunnar. Miðað við 35 þús. tonna ársafla má ætla að stærð úthafs-rækjustofna haldist nálægt meðaltali árabilsins 1978-1992 nema meiriháttar breytingar verði á nýliðun rækju og/eða þorskgengd (einkum ungporsks) á úthafs-rækjumiðum.

Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnun til að heildarafli úthafs-rækju af öðrum miðum en Dohrnbanka verði takmarkaður við 35 þús. tonn. fiskveiðiárið 1992/93

2.19 Hörpudiskur

2.19.1 Veiðarnar 1991 og 1992

Heildarafli hörpudisks árið 1991 varð um 10.300 tonn, en árið 1990 veiddust 12.456 tonn. Samdrátt í veiðum má rekja til minni veiðiheimilda í Breiðafirði auk þess sem aflaheimildir voru ekki fullnýttar á öðrum svæðum. Að venju var aflinn langmestur í Breiðafirði eða tæp 9.000 tonn. Heildarafli af hörpudiski ásamt aflanum í Breiðafirði árin 1969-1991 er sýndur á mynd 2.19.1 og tafla 3.19.1 tilgreinir aflann eftir svæðum og í heild.



Mynd 2.19.1.
HÖRPUDISKUR.
Heildarafli 1969-1991 ásamt
aflanum í Breiðafirði (brotna
línan).

Fig. 2.19.1. ICELAND
SCALLOP. Total landings
during the period 1969-1991
along with the landings from
the Breiðafjörður area
(broken line).

Gert er ráð fyrir svipuðum heildarafla árið 1992 enda þótt búast megi við smávegis samdrætti í afla í Breiðafirði.

Tafla 2.19.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark á hörpudiski, ákvörðun stjórnvalda og afla síðan 1985.

TAFLA 2.19.1
Hörpudiskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark,
heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
*Iceland scallop. TACs recommended by the Marine Research Institute,
national TAC and landings (thous. tonnes).*

Ár	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾
<i>Tillaga - Recommended TACs</i>								
Breiðafjörður	11.0	10.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0	8.5
Alls (Total)	15.4	14.2	14.5	13.5	13.5	13.5	12.5	11.2
<i>Heildaraflamark - National TAC</i>								
Breiðafjörður	12.0	12.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0	8.5
<i>Afli - Landings</i>								
Breiðafjörður	12.1	12.7	11.1	9.8	10.1	10.1	9.0	
Alls (Total)	17.1	16.4	13.3	10.1	10.8	12.4	10.3	

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

2.19.2 Ástand stofnsins


Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga í Breiðafirði er talið að hörpudisksstofninn hafi minnkað um 30% frá því að hann mældist stærstur árin 1982-1983 og fram til 1988-1990 (mynd 2.19.2). Árið 1991 mældist veiðistofninn hins vegar nokkru stærri en árin 1988-1990 vegna góðrar nýliðunar 6-7 sm hörpudisks en hlutdeild stærri og eldri einstaklinga í stofninum fór áfram

minnkandi. Þannig virðist stofnstærð hörpudisks 7 sm og stærri hafa minnkað um 10% frá 1988 til 1991 og um 30-40% síðan árið 1983.

Stofnmæling í Breiðafirði 1992 var gerð í apríl og mældist stofnvísitalan ívið minni en árið 1991. Vegna góðrar nýliðunar byggist veiðistofninn á hárrí hlutdeild 6-7 sm hörpudisks eins og var 1991.

Endurbætur sem orðið hafa í tímans rás, bæði í gerð hörpudisksplóga og öðrum búnaði við veiðarnar, torveldu samanburð á afla á sóknareiningu, einkum þegar til lengri tíma er litið. Hjá staðbundinni tegund eins og hörpudiski getur tilfærsla í veiðum ennfremur leitt til óraunhæfs samanburðar á afla á sóknareiningu þótt um skamman tíma sé að ræða.

Eins og sjá má á mynd 2.19.2 virðist affli skelbáta á sóknareiningu hafa minnkað í takt við stofnvísitölu úr rannsóknaleiðngurum frá árunum 1982-1983 og fram til 1988-1990 eða um 25-30%. Vegna bættrar veiðitækni minnkaði affli á veiðistund (þ.e. 1 klst. við veiðar) þó ekki að sama skapi á þessu tímabili.



Mynd 2.19.2.
HÖRPUDISKUR.
Samanburður á stofnvísitölu (V) hörpudisks frá rannsóknum á Breiðafirði og afla á sóknareiningu (A/S) hjá skelbátum á sama svæði árin 1977-1992.

Fig. 2.19.2. ICELAND SCALLOP. Stock size index (V) for Iceland scallop in Breiðafjörður and CPUE (A/S) from scallop boats in the same area during 1977-1992.

Árið 1991 var meðalaffli á veiðistund í Breiðafirði 945 kg sem er sami affli og árið 1990. Þó að meðalaffli í janúar-mars 1992 hafi reynst öllu meiri, eða rúm 970 kg á veiðistund, á það hugsanlega rætur að rekja til þess að herra hlutfall er nú hirt af smærri skel en áður. Enda þótt leyfilegur hámarksaffli hafi verið minnkaður nokkuð í Breiðafirði árin 1991 og 1992 er því ennþá óvíst hvort hin góða nýliðun þessi ár á eftir að skila sér í stærri hörpudiski á komandi árum.

Afli á veiðistund í Ísafjarðardjúpi var um 350 kg árið 1991 samanborið við 385 kg 1990. Niðurstöður stofnmælinga í Ísafjarðardjúpi í apríl 1992 benda þó til þess að fremur litlar veiðar árið 1991 og engar framan af árinu 1992 hafi komið stofninum til góða, þar sem stofnvísitala mældist með besta móti.

2.19.3 Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 1992/93

Afli á sóknareiningu í Breiðafirði hefur haldist nánast óbreyttur árin 1990-1991 og það sem af er þessu ári. Þó að stofninn hafi mælst aðeins minni samkvæmt stofnmælingu 1992 heldur en árið áður er munurinn ekki marktækur. Þar eð hlutdeild ungs hörpudisks (6-7 sm að stærð) er

mjög há 1992 eins og var 1991, er lagt til að hörpudiskaffi í Breiðafirði á næsta fiskveiðiarí (1992/93) fari ekki yfir 8.500 tonn. Þetta er sami afli og gert er ráð fyrir að veiða á árinu 1992. Ennfremur er lagt til að reynt verði að skipta veiðinni eftir svæðum með þeim hætti að 60-65% aflans komi af suðursvæðum. Með þessu móti er stefnt að því að nýta sem best þá góðu nýliðun sem nú virðist vera í stofninum, þannig að mögulega fari eldri og verðmætari hluti stofnsins vaxandi á komandi árum.

Í Arnarfirði er lagður til 400 tonna hámarksafli fiskveiðiaríð 1992/93, sem er óbreytt frá áætluðum afla á þessu ári. Í þessari tillögu er tekið tillit til stofnmælingar árið 1991, en engar upplýsingar hafa borist um afla á sóknareiningu frá skelbátum síðan árið 1990.

Í Ísafjarðardjúpi er lagt til að veidd verði allt að 600 tonn 1992/93 en gert er ráð fyrir 500 tonna veiði árið 1992. Þessi aukning byggist á niðurstöðum stofnmælingar 1992. Tillögur um veiðar í Dýrafirði, Patreksfirði og Tálknafirði taka einnig mið af niðurstöðum stofnmælinga 1992.

Ekki hefur reynst unnt að rannsaka hörpudisksstofninn í Húnaflóa og á Norðurströndum nýlega auk þess sem upplýsingar um veiðarnar 1991 og 1992 hafa verið takmarkaðar við innanverðan Húnaflóa. Til bráðabirgða er því mælt með 1.800 tonna hámarksafli á öllu svæðinu 1992/93.

TAFLA 2.19.2
Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafli á helstu miðum fiskveiðiaríð 1992/93.
Iceland scallop. TAC recommended for the quota year 1992/93.

Mið Area	Afli (tonn) TAC (tonnes)
Breiðafjörður	8.500
Patreks- og Tálknafjörður	100
Arnarfjörður	400
Dýrafjörður	125
Ísafjarðardjúp	600
Húnaflói og Norðurstrandir	1.800

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli á hörpudiski á hinum ýmsu miðum fiskveiðiaríð 1992/93 eru sýndar í töflu 2.19.2.

2.20 Hvalir

2.20.1 Hvalveiðar við Ísland og tímabundin stöðvun þeirra

Stórhvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld, en frá árinu 1948 hafa veiðarnar takmarkast við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Lengst af hafa fjögur skip verið að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári á tímabilinu 1948-1985 og 82 búrhvalir árin 1948-1982 (alfriðaður í Norður Atlantshafi frá 1982).

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Veiðar þessar voru þó lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977-1985 ákvarðaði Alþjóðahvalveiðiráðið árlega veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga.

Árið 1986 urðu þáttaskil í hvalveiðum hér við land þegar ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni gekk í gildi. Engar veiðar á hrefnu hafa því verið stundaðar frá lokum vertíðar 1985, en takmarkaðar veiðar á lang- og sandreyði voru stundaðar í rannsóknaskyni samkvæmt leyfi stjórnvalda og í samræmi við ákvæði hvalveiðiráðsins árin 1986-1989. Árin 1990 og 1991 voru hins vegar engar hvalveiðar stundaðar frá Íslandi.

2.20.2 Ástand stofna og veiðipól

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalrannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum athugunum, talningu og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana.

2.20.2.1 Hrefna

Í júní 1990 gerði vísindanefnd ráðsins úttekt á hrefnustofnum á Norður-Atlantshafi (sjá nánar um þetta í ástandsskýrslu s.l. árs.). Unnið var úr gögnum um merkingar og endurheimtur hrefnu á síðustu árum, útlitseinkenni á mismunandi hafsvæðum og samsetningu erfðaefnis. Samkvæmt þessu var talið, að a.m.k. þrjár stofnar hrefnu væru á Norður Atlantshafi með höfuðútbreiðslu á hvalveiðimiðunum við Vestur-Grænland, Ísland og Norður/Vestur-Noreg. Munur fannst á erfðamörkum milli þessara þriggja svæða.

Samkvæmt talningum Íslendinga og Norðmanna á Mið-Atlantshafssvæðinu voru um 28.000 hrefnur á þessu svæði, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu og féllst nefndin á þessar niðurstöður. Útreikningar nefndarinnar sýndu að veiðar undanfarna áratugi hafa engin teljandi áhrif haft á stofninn. Ástand stofnsins er því gott núna og veiðar á t.d. 200 dýrum á ári næstu 5 árin hefðu afar lítil áhrif á stofnstærðina, jafnvel svo að varlega ætlað myndi hún haldast ofan við 78-79% af stærð stofnsins eins og hann var árið 1940.

2.20.2.2 Langreyður

Í febrúar 1991 var haldinn í Reykjavík sérstakur fundur vísindanefndarinnar um ástand langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi (sjá nánar skýrslu um ástand og aflahorfur 1992). Fjallað var um aðgreiningu langreyða á Norður-Atlantshafi í stofna, en Alþjóðahvalveiðiráðið hefur s.l. 15 ár miðað við 7 stjórnumarsvæði: 1) Nova Scotia svæðið, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland - Ísland, 5) Norður-Noregur, 6) Vestur-Noregur/Færeyjar, og 7) hafsvæðið undan ströndum Bretlandseyja, Spánar og Portúgals.

Fyrir lágu ýmsar nýjar upplýsingar um skiptingu tegundarinnar á hin ýmsu svæði, þar sem m.a. var stuðst við rannsóknir Íslendinga á erfðaeefni langreyða við Spán og Ísland, sem sýna marktækan mun á milli svæðanna. Athuganir á merkingum og endurheimtum hvalmerkja, auk athugana á útlitseinkennum langreyða leiða til sömu niðurstöðu. Jafnframt sýna endurheimtur hvalmerkja að samgangur stofnanna á norðvestanverðu Atlantshafi og við Ísland er afar takmarkaður og ekkert bendir heldur til blöndunar milli langreyða við Ísland og í norðanverðu Atlantshafi. Þetta staðfesta bráðabirgðaniðurstöður erfðamarkarannsóknna sem enn er þó ekki lokið, en þar kemur fram munur í erfðabreytileika langreyða við Norður-Noreg og Ísland annars vegar, og Ísland og Kanada hins vegar. Því virðist sem núverandi skipting langreyða á stofnsvæði sé í allgóðu samræmi við bestu vitneskju þar að lútandi. Því ber fyrst og fremst að stjórma veiðum hér við land á samkvæmt núverandi skilgreiningu Alþjóðahvalveiðiráðsins á Austur-Grænlands - Íslandsstofninum. Ekki náðist þó samstaða um þetta atriði í vísindanefndinni, og voru jafnvel uppi raddir um að líta bæri á allt norðaustanvert Atlantshaf sem eitt stofnsvæði.

Vísindanefndin staðfesti fyrri niðurstöður langreyðartalninga Hafrannsóknastofnunarinnar frá árinu 1987 og yfirför útreikninga á fjölda langreyða frá sumrinu 1989. Nefndin féllst á að samkvæmt þessu væru um 15.600 langreyðar á hafsvæðinu Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50° N.

Samband afla og sóknar í langreyðarveiðinni hefur verið kannað með athugunum á leiðarbókum hvalskipanna og úthaldi þeirra. Þannig hefur verið unnt að áætla fyrir hvert ár meðalfjölda leitarklukkustunda á hvern veiddan hval (þ.e. afla á sóknareiningu), sem ætla má að gefi hugmynd um fjölda hvala á miðunum hverju sinni og hugsanlegar langtímabreytingar á stofnstærð. Þegar á heildina er litið hefur ekki orðið vart tölfraðilega marktækra breytinga á sambandi afla og sóknar á tímabilinu 1962-85 eða þar til tímabundin stöðvun atvinnuveiða gekk í gildi. Á þessum árum var nær óbreyttur floti að veiðum (4 skip öll árin nema 1984 og 1985 voru 3 skip).

Þegar gert var ráð fyrir að stofnsvæði langreyðar, sem gengur hingað á miðin, næði til hafsvæðisins Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen, sýndu útreikningar gott ástand stofnsins. Ítarleg úttekt hlutlausra aðila á afrakstursgetu langreyðar á þessu svæði sýnir svo ekki verður um villst að svæðið þolir umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100-200 hvali á ári og líklega yfir 200 á ári. Ástandið var hins vegar lakara ef allt svæðið austan Hvarfs og norðan Bretlandseyja var tekið sem ein heild, enda ekki vart mikillar hvalagengdar á fimum veiðislóðum við Bretlandseyjar, Noreg og Færeyjar í nýlegum talningaleiðöngnum. Af fyrrgreindum ástæðum er þó ekki rétt að miða útreikning á veiðipóli langreyða við Ísland við svo stórt svæði.

2.20.2.3 Sandreyður

Í talningunni 1989 var lögð áhersla á sandreyði, því ekki hafði tekist að reikna út stærð stofnsins út frá talningargögnum frá 1987. Samkvæmt útreikningum voru um 10.600 sandreyðar á leitarsvæði íslensku skipanna sumarið 1989, en aðeins örfá dýr á öðrum svæðum. Ekki hefur enn farið fram tölulegt mat á veiðipóli stofnsins en ljóst er að hann þolir allnokkrar veiðar.

2.20.3 Framtíðarhorfur

Nú er sandreyður eina skíðishvalategundin, sem nýtt hefur verið hér við land og enn hefur ekki verið sérstaklega fjallað um í tengslum við heildarúttekt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þess er vænst að slík úttekt verði gerð árið 1993.

Enda þótt mati á stofnstærð sé lokið, hefur hvalveiðiráðið ekki reynst reiðubúið til að fallast á veiðikvóta fyrr en nýjar veiðistjórnunarreglur hafa verið samþykktar. Vísindanefndin hefur nú um nokkurra ára skeið unnið að mótun tillagna að nýjum reglum, en á ársfundi ráðsins árið 1991 var tillögum nefndarinnar hafnað þar sem þær voru ekki taldar ganga nógu langt í friðunarátt. Nefndin mun leggja nýjar tillögur fyrir ráðið á ársfundi þess 1992 sem gera munu mögulega útreikninga og úthlutun veiðiheimilda fyrir hrefnu á Norður-Atlantshafi og í Suður-Íshafi á vertíðinni 1993. Allt er þetta þó háð samþykki ráðsins. Enn er a.m.k. eitt ár þangað til tillögur um veiðiheimildir fyrir langreyði koma til afgreiðslu ráðsins og enn lengra þangað til tillögur um veiðiheimildir á öðrum hvalategundum liggja fyrir.

Það er því ljóst, að tímabundin stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni verður verulega lengur í gildi en í upphafi var ætlað. Jafnframt er ljóst, að hvalveiðiráðið hefur skorið veiðunum svo þröngan stakk, að jafnvel þótt ráðið samþykki að hefja veiðar í atvinnuskyni á ný á næstu árum, verði það með svo ströngum friðunarskilyrðum að veiðar borgi sig vart og langt sé í að hvalastofnar verði nýttir að fullu. Er því óhætt að segja, að ennþá ríki veruleg óvissa um framtíð hvalveiða hér við land sem annars staðar og mun svo verða enn um hríð.

2.21 Selir

2.21.1 Selveiðarnar

Selveiðar voru með allra minnsta móti á síðasta ári enda greiddi Hringormanefnd ekki fyrir landseli. En vegna sölu á selskinnum og selskinnsflíkum veiddu selabændur um 350 vorkópa og átta fullorðnir landselir voru veiddir í rannsóknaskyni. Þá voru útselsveiðar einnig með minnsta móti. Haustkópaveiðar urðu að vísu svipaðar og búist var við en af fullorðnum útsel veiddust hins vegar aðeins 389 í stað 1.000 dýra eins og áætlað hafði verið.

Gert er ráð fyrir meiri selveiði á árinu 1992. Veiða þarf um 1.000 landseli og 1.500 útseli vegna rannsókna á fæðu sela, en þær eru hluti af fjölstofnarannsóknum Hafrannsóknastofnunar. Auk þess er búist við að selabændur veiði um 1000 vorkópa vegna skinnasölu og um 1000 haustkópa vegna selveiðigreiðslna Hringormanefndar. Þessar veiðar munu ekki skerða landselastofninn, en búast má við að útsel fækki eitthvað. Einnig má reikna með að eitthvað veiðist af blöðrusel, vöðusel, kampsel og hringanóra á næsta ári þar sem Hringormanefnd mun greiða fyrir veiðar þessara selategunda árið 1992.

2.21.2 Ástand selastofna við Ísland

2.21.2.1 Landselur

Landselir voru ekki taldir sumarið 1991 svo ekki er vitað hvort þeim hefur haldið áfram að fækka. Síðustu talningar, sem gerðar voru á árunum 1989 og 1990, benda til þess að landselsstofninn sé um 25-30.000 dýr.

2.21.2.1 Útselur

Ekki var ráðist í að telja haustkópa í látrum síðastliðið haust og liggja því ekki fyrir nýjar upplýsingar um ástand útselsstofnsins. Árið 1990 var talið að útselsstofninn teldi um 12.500 dýr og fjölgaði um 2% á ári. Í samræmi við þetta er áætlað að í ársbyrjun 1992 hafi fjöldi útsela verið nærri 13.000 dýr.

=70-

aut sita

3. Tölur Tables

TAFLA 3.1

Umhverfispættir í maí-júní 1952-1992.
Environmental factors in May-June 1952-1992.

Ár Year	Siglunes				Látrabjarg
	Hitafrávik Temp. dev. 0-200 m $\Delta t^{\circ} C$	Seltufrávik Sal. dev. 0-200 m $\Delta S^{\circ}/_{\infty}$	Frumframleiðni Prim. prod. 10 m $mg C m^{-3} klst^{-1}$	Átumagn Zoopl. vol. 50-0 m $ml/21 m^3$	Strandstraumur sem þykkt ferskvatns m Coast. curr. index
1952	0.921	0.277	-	-	-
1953	1.154	0.117	-	-	-
1954	1.916	0.255	-	-	-
1955	1.902	0.260	-	-	-
1956	1.566	0.073	-	-	0.491
1957	1.424	0.225	-	-	-
1958	0.256	0.098	6.8	2	0.237
1959	1.882	0.263	2.3	7	0.515
1960	2.050	0.320	-	-	-
1961	1.698	0.346	2.3	22	0.738
1962	1.007	0.311	4.3	24	-
1963	-0.081	0.079	2.5	7	-
1964	1.916	0.245	8.3	15	0.880
1965	0.084	-0.236	0.3	3	0.254
1966	-0.195	0.145	1.0	2	-
1967	-2.122	-0.172	2.4	1	0.235
1968	-0.730	-0.223	1.6	5	-
1969	-1.588	-0.355	0.3	2	-
1970	-0.992	-0.232	0.4	4	0.549
1971	-1.757	-0.133	0.8	9	0.875
1972	0.683	0.077	8.2	5	0.836
1973	1.124	0.134	1.1	4	1.501
1974	1.137	0.158	7.6	2	1.230
1975	-1.100	-0.129	0.4	4	0.365
1976	0.295	0.042	6.4	6	1.395
1977	-0.109	-0.123	1.3	16	0.632
1978	0.755	0.034	6.7	8	0.549
1979	-1.496	-0.235	0.7	6	0.177
1980	1.438	0.267	13.3	4	0.667
1981	-1.083	0.084	7.2	3	0.613
1982	-0.616	-0.101	15.0	1	0.393
1983	-1.280	-0.071	1.5	3	0.620
1984	-0.200	0.091	2.7	5	1.279
1985	1.075	0.234	5.4	7	1.131
1986	0.045	0.185	20.7	2	0.914
1987	1.041	0.107	12.3	6	0.532
1988	-0.725	-0.134	2.2	2	0.647
1989	-0.470	0.113	23.0	2	0.858
1990	-1.049	-0.038	1.5	3	0.895
1991	1.193	0.214	17.5	8	0.735
1992	1.290	0.228	27.8	8	1.390

TAFLA 3.1.1

Porskur. Afli á Íslandsmiðum 1905-1991 (í tonnum).
Cod. Nominal catch (in tonnes) from Iceland grounds 1905-1991.

Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total	Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total
1905	44.775	47.355	92.130	1949	221.419	93.135	314.554
1906	48.302	58.441	106.743	1950	197.433	152.922	350.355
1907	53.868	62.838	116.706	1951	183.252	165.230	348.482
1908	58.259	66.704	124.963	1952	237.314	162.629	399.943
1909	56.670	58.831	115.501	1953	263.516	262.545	526.061
1910	71.007	62.595	133.602	1954	306.191	241.339	547.530
1911	75.114	77.762	152.876	1955	315.438	222.692	538.130
1912	75.499	79.477	154.976	1956	292.586	188.123	480.709
1913	79.870	95.110	174.980	1957	247.087	204.822	451.909
1914	53.473	135.025	188.498	1958	284.407	224.276	508.683
1915	66.030	70.069	136.099	1959	284.259	168.245	452.504
1916	68.848	43.975	112.823	1960	295.668	169.650	465.328
1917	61.413	23.305	84.718	1961	233.874	141.042	374.916
1918	62.093	41.073	103.092	1962	221.820	165.056	386.876
1919	76.766	79.967	156.733	1963	232.839	177.211	410.050
1920	82.766	127.972	210.748	1964	273.584	160.021	433.605
1921	90.632	128.735	219.367	1965	233.483	160.153	393.636
1922	103.436	175.568	279.004	1966	223.974	132.781	356.755
1923	127.320	116.328	243.648	1967	193.449	151.573	345.022
1924	161.797	158.004	319.801	1968	227.594	153.476	381.070
1925	166.538	165.698	332.236	1969	281.680	124.731	406.411
1926	126.890	174.304	301.194	1970	302.875	167.882	470.757
1927	164.783	178.295	343.078	1971	250.324	202.728	453.052
1928	177.328	186.943	364.271	1972	225.354	173.174	398.528
1929	201.074	197.738	398.812	1973	238.898	144.548	383.446
1930	261.278	237.157	498.435	1974	238.066	136.704	374.770
1931	224.504	258.898	483.402	1975	264.975	106.016	370.991
1932	208.081	277.207	485.288	1976	280.831	67.018	347.849
